



Starfsáætlun 2011

Skapandi mannlíf –
skemmtileg borg



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Efnisyfirlit

Skipurit Menningar- og ferðamálasviðs	2
Menningar- og ferðamálasvið	3
Fjármál og rekstur	6
Fjárhagsáætlun 2011.....	8
Stefnukort sviðsins	10
Skorkort sviðsins	12
Ferðamál	
Íslensk ferðaþjónusta snýr vörn í sókn	14
Stofnanir sviðs	
Borgarbókasafn Reykjavíkur	18
Lykiltölur	22
Viðburðadagatal	23
Höfuðborgarstofa	24
Lykiltölur	29
Viðburðadagatal.....	29
Listasafn Reykjavíkur	30
Lykiltölur	34
Viðburðadagatal	35
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	38
Lykiltölur	42
Viðburðadagatal.....	42
Meningarmiðstöð Gerðubergs	44
Lykiltölur	47
Viðburðadagatal.....	48
Minjasafn Reykjavíkur	50
Lykiltölur	55
Viðburðadagatal	55
Viðey	56
Lykiltölur	60
Viðburðadagatal	60
Helstu verkefni 2010	61

Forsíðumynd: Heiðar Kristjánsson



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðaþjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru sé þekkt og virt.

Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs er til húsa í Ingólfsnausti á horni Aðalstrætis og Vesturgötu.

Menning er mannrækt er yfirskrift menningarstefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2009 til 2012. Leiðarljós hennar er að Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjórrí hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta.

Ferðamannaborgin Reykjavík – Reykjavík Pure Energy er leiðarljós ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2004 til 2010, en stefnan er nú í endurskoðun og von á nýrri 2011. Leiðarljós hennar er að Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstaka náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustuna á Íslandi.

Hlutverk og helstu verkefni

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón starfsemi í Viðey er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. 44% af fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs verður varið til rekstrar stofnana sviðsins árið 2011.


Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Listahátíðar í Reykjavík, Borgarleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir. Nema styrkveitingar til innlendra samstarfsaðila í formi fjárframlags eða húsnæðisframlags um 51% rammans árið 2011.

Starfsmannafjöldi 2011

Fjöldi starfsmanna	223
Fjöldi stöðugilda	143,6

Stöðugildi eftir stofnunum

Skrifstofa sviðs	5,0	3,5%
Borgarbókasafn Rvk.	74,7	52,0%
Listasafn Rvk.	21,0	14,6%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	7,4	5,2%
Ljósmyndasafn Rvk.	5,0	3,5%
Minjasafn Rvk.	17,2	12,0%
Viðey	1,3	0,9%
Höfuðborgarstofa	11,0	7,7%
Annað	1,0	0,7%



www.reykjavik.is/meningogferdamal



HELSTU VERKEFNI 2011

Skapandi mannlíf - skemmtileg borg

er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2011

Mannrækt – Orka – Fagmennska

eru þrjú megingildi sem sviðið hefur sett sér til að hafa að leiðarljósi í áherslum starfs sviðsins.

Hagræðing

Starfsemi og rekstur sviðsins litast af enn þengri stöðu í efnahagslífinu. Samdráttur er í framlagi borgarsjóðs þriðja árið í röð og því hefur þurft að leita enn nýrra leiða til aðhalds í útgjöldum og frekari tekjumyndunar.

Menningarkort Reykjavíkur og árskort á söfnin

Menningarkort Reykjavíkur er nýjung sem verður innleidd í ársbyrjun. Kortið mun gilda á öll söfn og sýningarstaði á vegum borgarinnar auk þess að vera bókasafnsskirteini og með tilteknum fríðindum fyrir handhafa. Árskort fyrir Listasafn Reykjavíkur gildir í Hafnarhús, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn og árskort fyrir Minjasafn Reykjavíkur gildir á Landnámssýningu og Árbæjarsafn. Markmiðið með kortunum er að auka tekjur og örva aðsókn að menningarstofnunum borgarinnar. Árskortin kosta 3.000 kr. hvort en menningarkortið verður selt á 5.000 kr. Mjög líklegt er að aðsókn á Listasafn Reykjavíkur minnki umtalsvert þar sem tekinn er upp aðgangseyrir að nýju eftir þriggja ára hlé, en þessi nýju kort koma til móts við þá gesti sem sækja söfnin reglulega.

Jákvæð teikn

Afar jákvætt er að þrátt fyrir þrengingar í efnahagslífi þjóðarinnar virðist menningin blómstra sem aldrei fyrir - ekkert lát virðist vera á menningarframboðinu og þátttöku í menningarlífinu. Viðhorfskönnun Capacent árið 2010 sýnir áframhaldandi mikla ánægju með þjónustu menningarstofnana Reykjavíkurborgar og gestum þeirra flestra hefur fjölgað frá fyrra ári. Viðhorfskannanir meðal erlendra ferðamanna sýna einnig mikla ánægju með Reykjavík sem áfangastað. Ísland sem áfangastaður ferðamanna hefur verið áberandi í erlendum fjölmiðlum á undanförunum misserum og höfðu

nokkrir stórir og virtir aðilar í ferðaútgáfu nefnt Ísland og/eða Reykjavík sem góðan kost til ferðalaga árið 2010. Eldgos höfðu mikil áhrif á ferðaþjónustu á árinu jafnt vegna truflana á flugsamgöngum og óskufalls en einnig varð það til þess að ráðist var í umfangsmesta markaðsátak sem Ísland hefur farið í. Reykjavíkurborg kom kröftuglega að átakinu Inspired by Iceland og mun það verða góður grunnur fyrir áframhaldandi uppbyggingu árið 2011. Þessu til viðbótar felast dýrmæt tækifæri í opnun Hörpu nýs tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

Styrkir eða fjárfesting í menningarlífinu

Reykjavík fjárfestir á margvíslegan hátt í menningarlífinu en eins og segir í nýrri menningarfestu borgarinnar þá er fölginn vaxtarbroddur og auðlind í menningu og listum í borginni sem ber að byggja á til framtíðar. Unnið er að mati á umfangi og framlagi menningar, lista og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins. Öflugt menningarlíf eykur lífsgæði borgarbúa og stuðlar að samfélagslegri og efnahagslegri velferð.

Styrkúthlutanir og samningar við menningarlífið taka mið af menningarmálastefnunni, styrkjareglum borgarinnar, verklagsreglum menningar- og ferðamálaráðs við styrkúthlutanir og samþykktum reglum ráðsins um húsnæðisstyrki.

Ráðið samþykkti að auki að eftirfarandi áherslur úr menningarfestunni yrðu sérstakar áherslur ráðsins við styrkveitingar fyrir árið 2011.

- Börn, unglingar og menningaruppeldi.
- Listalífið hafi tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.
- Fjölbreytni menningarlífsins sé viðurkennd og studd.
- Mót ólíkra stefna og strauma.
- Möguleikar til að efla fjölbjóðleg tengsl.
- Það sem vel hefur gefist og kominn er góður grunnur að.
- Litið verði sérstaklega til verkefna sem laða fólk til borgarinnar og nýtast ferðamennsku.
- Ekki verði gerðir langtímasamningar innan styrkþapottsins að þessu sinni.



Af reglubundnum styrkjum og framlögum ber helst að nefna framlag til rekstrar Leikfélags Reykjavíkur auk þess sem Reykjavíkurborg leggur félaginu til endurgjaldslaus afnot af Borgarleikhúsinu. Önnur stærstu framlög í menningarmálum fara til Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík, Sjónlistamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum og Sviðslistamiðstöðvar í Tjarnarbíói.

Starfsemi hefst í Hörpu

Starfsemi í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu hefst 4. maí 2011 en húsið sjálft verður vígt á Menningarnótt 20. ágúst. Harpa verður aðsetur Sinfóníu-hljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar auk þess sem tónlistarmenn munu koma þar fram í samvinnu við húsið annað hvort með einstaka viðburð, hátíðir eða tónleikaraðir af ýmsu tagi. Að auki verður í Hörpu ein glæsilegasta ráðstefnuaðstaða á Íslandi. Harpa er 28.000 m² að stærð. Við hönnun hússins var lögð áhersla á sveigjanleika þannig að húsið geti nýst allt til stærri viðburða auk þess sem fjölmargir minni salir munu nýtast til funda- og ráðstefnuhalds. Eignarhaldsfélagið Portus sem reisir Hörpu og dótturfélög eru í eigu Austurhafnar TR sem er í eigu íslenska ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%).

Tjarnarbíó opnað að nýju

Menningarstarfsemi í Tjarnarbíói er hafin á ný eftir gagngerar endurbætur sem tóku tvö ár. Sviðið hefur gert samstarfssamning við Menningarfélagið



Tjarnarbíó um reksturinn næstu þrjú árin. Markmið hans er að skapa miðstöð fyrir sviðslistir og aðra menningarviðburði þar sem hægt verði að leigja aðstöðu á viðráðanlegu verði. Fjölbreytilegir

menningarviðburðir njóti aðgangs að húsinu þó starfsemi tengd sviðslistum, tónlist og kvikmyndum séu í forgangi. Þá er einnig stefnt að því að listupeldi barna og ungs fólks sé sinnt þar, að hluti starfseminnar höfði til erlendra ferðamanna, sinni alþjóðlegum tengslum og verði til þess að auka framboð á alþjóðlegum menningarviðburðum í Reykjavík.

Bókmenntaborg UNESCO

Borgarráð samþykkti í árslok 2009 að Reykjavíkurborg sæki um að fá titilinn Bókmenntaborg UNESCO. Unnið var að ítarlegri umsókn á skrifstofu sviðsins á árinu 2010 með það fyrir augum að borgin öðlist þennan eftirsóknarverða titil á árinu 2011 eða á sama ári og Ísland og íslenskar bókmenntir verða í brennidepli á bókamessunni í Frankfurt. Titillinn, sem er varanlegur líkt og inntaka á heimsminjaskrá UNESCO, myndi leiða af sér margvíslegar aðgerðir til eflingar bókmenntanna á vegum Reykjavíkurborgar í samstarfi bæði við ríkið og hagsmunaaðila á bókmenntasviðinu.

Fyrsti Menningarfáninn verður veittur til að hvetja til menningarstarfsemi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum sem viðurkenning á framúrskarandi menningarstarfi. Vinnuhópur skipaður af menningar- og ferðamálaráði með fulltrúum frá Menningar- og ferðamálasviði, Menntasviði, Leikskólasviði, Íþrótt- og tómsundasviði, og Bandalagi íslenskra listamanna útfærir hugmynd og annast framkvæmd.

Starfsmannamál

Megináhersla verður lögð á hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi, að tryggja stöðugleika í starfsmannamálum og efla góðan starfsanda. Með þátttöku starfsmanna í starfshópum sem myndaðir eru þvert á sviðið er unnið að sameiginlegum fræðslu- og kynningarfundum, vistaskiptum og heilsuefingu, auk fræðslu um einelti og áreitni og fyrirbyggjandi aðgerðum í þeim efnum með jákvæðum hætti. Áfram verður lögð áhersla á að virkja starfsmenn sviðsins í hugmyndavinnu og eftirfylgni með tillögum um bættan rekstur.

Fjármál og rekstur



Starfsemi og rekstur sviðsins árið 2011 mun litast af enn þrengri stöðu í efnahagslífinu. Að teknu tilliti til útgjaldaauka vegna sammingsins um Hörpu er samdráttur í framlagi borgarsjóðs þriðja árið í röð og því hefur þurft að leita enn nýrra leiða til aðhalds í útgjöldum og frekari tekjumyndunar.

Áhersla er lögð á að vernda kjarnastarfsemi stofnana borgarinnar og þar með störfin eins og nokkur kostur er, en hugað bæði að tímabundinni og varanlegri hagræðingu. Verið er að skoða möguleg tækifæri sem felast í skipulagsbreytingum og samrekstri jafnt innan sviðsins og milli fagsviða.

Unnið er að útfærslum á tilögum er lúta að styttingu á opnunartíma og lokun deilda þannig að þær hafi sem minnst áhrif á þjónustuþega og starfsfólk. Samdráttur verður í innkaupum á safnkosti bæði á Borgarbókasafni og Listasafni Reykjavíkur sem gert er ráð fyrir að verði einungis tímabundin í eitt ár. Jafnframt verður tímabundið í eitt ár dregið verulega úr viðhaldi útlistaverka og á safnkosti Árbæjarsafns og Landnámssýningar. Á síðustu 3 árum hefur dregið verulega úr fjármagni sem varið er til sýningargerðar auk þess sem umfang og kostnaður vegna viðburða er mun minni og heldur sú þróun áfram í áætlun 2011. Vetrarhátíð í forni Safnanætur verður aðeins í einn dag og allt stefnir í að Barnamenningarhátíð verði aðeins haldin annað hvert ár. Hátíðin verður því ekki haldin árið 2011.

Viðbrögð við versnandi rekstrarumhverfi fóru þegar af stað hjá sviðinu snemma árs 2008 og hefur skilað sér áfram inn í reksturinn 2011. Meðal þeirra aðgerða sem ráðist er í til að mæta breyttum aðstæðum er að forgangsröðun er skerpt enn frekar. Starfsmenn sviðsins hafa tekið virkan þátt í að finna nýjar leiðir til hagræðingar og fylgja eftir þeim hagræðingar-markmiðum sem sett hafa verið. Áfram verður unnið í nánú samráði við starfsmenn sviðsins og kallað eftir hugmyndum og eftirfylgni sem flestra þeirra.

Menningar- og ferðamálasvið hefur þegar gengið

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur **-233.079**

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 762.679

Innri leiga 674.830

Annar rekstrarkostnaður 1.675.693


Rekstrarniðurstaða 2.880.122

mjög langt í að hagræða í launakostnaði. Skoðun á þróun fjölda stöðugilda og starfsmanna síðustu 3 ár sýnir einnig að þeim hefur farið fækkandi á meðan gestum hefur fjölgað umtalsvert. Þrátt fyrir þetta er stefnt að hagræðingu á árinu með því að draga úr opnunartíma eins og að ofan greinir, ráða ekki í störf sem losna vegna aldurs, leita hagkvæmstu leiða í afleysingum og vinnufyrirkomulagi.

Hækkun á gjaldskrá og upptaka á aðgangseyri er óhjákvæmileg við núverandi aðstæður – en reynt verður að beita lausnum sem koma ættu minna við borgarbúa en nýta fremur kaupmátt erlendra ferðamanna. Flest allar stofnanir sviðsins setja sér markmið um að afla aukinna sértekna og/eða fara í vaxandi mæli í samstarfsverkefni sem leiða til þátttöku í kostnaði. Alls ráðgerir sviðið að auka sértekjur um 13% frá áætlun fyrra árs.


Með tilkomu framlags Reykjavíkurborgar til Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu munu styrkir og ýmsir samstarfssamningar nema um 51% af ramma sviðsins. Hagrætt verður á öllum liðum sem unnt er að hreyfa. Eins og síðustu ár verða lausir langtímasamningar aðeins endurnýjaðir til eins árs og gildandi samningar til lengri tíma verða teknir upp í ljósi forsendubrests.

Hlutfallsleg skipting rekstrar 2011




- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað

Stofnanir sviðs Hlutfallsleg skipting fjármuna 2011




- Borgarbókasafn Rvk.
- Listasafn Reykjavíkur
- Minjasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Menningarmiðst. Gerðubergi
- Viðey
- Ljósmyndasafn Rvk.

Styrkir og samstarfssamningar Hlutfallsleg skipting 2011



- Leikfélag Reykjavíkur
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Sjónlistamiðst. á Korpúlfsstöðum
- Listahátíð í Reykjavík
- Framlag til Hörpu
- Tjarnarbíó - sjálfstæðu leikhúsin
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar

Hlutfallsleg skipting gjalda 2011



- Launakostnaður
- Innri leiga húsnæði
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstrarkostnaður

Fjárhagsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2011

Kostnaðarstaður	Áætlun 2010	Esk áætlun 2010	Útk.spá 2010	Áætlun 2011		
				Gjöld	Tekjur	Mism / rammi
STJÓRN MENNINGAR- OG FERÐAMÁLA						
03100 Menningar- og ferðamálaráð	11.807	11.807	11.807	11.654	0	11.654
03110 Skrifstofa menningar- og ferðamála	57.335	57.335	57.335	55.608	0	55.608
	69.142	69.142	69.142	67.263	0	67.263
HÖFUÐBORGARSTOFA						
07400 Höfuðborgarstofa	112.198	112.198	112.198	159.235	-50.900	108.335
	112.198	112.198	112.198	159.235	-50.900	108.335
BORGARBÓKASAFN						
03200 Borgarbókasafn	146.894	146.894	146.780	193.465	-50.800	142.665
03201 Aðalsafn	121.223	121.223	120.063	119.690	0	119.690
03202 Kringlusafn	63.776	63.776	63.720	63.455	0	63.455
03203 Sólheimasafn	32.177	32.177	32.315	30.965	0	30.965
03205 Gerðubergssafn	58.602	58.602	58.530	61.297	0	61.297
03206 Seljasafn	349	349	3.760	124	0	124
03207 Foldasafn	45.583	45.583	45.448	44.265	0	44.265
03208 Ársafn	53.372	53.372	53.298	48.856	0	48.856
03209 Artótek	-265	-265	-284	1.772	-2.000	-228
03250 Bókabíll 1	20.246	20.246	20.191	20.059	0	20.059
	541.956	541.956	543.821	583.946	-52.800	531.146
LISTASAFN REYKJAVÍKUR						
03300 Listasafn Reykjavíkur	129.501	129.501	128.831	140.775	-7.658	133.117
03305 Safnráð Listasafn Reykjavíkur	290	290	290	299	0	299
03310 Hafnarhús	66.818	66.818	67.595	81.743	-18.430	63.313
03311 Kaffitería	-866	-866	-866	18.957	-19.400	-443
03320 Kjarvalsstaðir	61.110	61.110	61.015	69.205	-9.400	59.805
03330 Ásmundarsafn	10.613	10.613	10.700	17.479	-6.640	10.839
03350 Listaverk á opnum svæðum	9.288	9.288	9.190	5.030	0	5.030
03360 Listaverkakaup	14.759	14.759	14.759	12.000	0	12.000
	291.514	291.514	291.514	345.489	-61.528	283.961
MINJASAFN REYKJAVÍKUR						
03700 Minjasafn Reykjavíkur	127.282	127.282	127.282	142.376	-15.590	126.786
03705 Minjasafn - gjaldfærðir safngripir	11.990	11.990	11.990	6.000	0	6.000
03710 Landnámssýningin	51.369	51.369	51.369	65.742	-18.505	47.237
	190.641	190.641	190.641	214.118	-34.095	180.023

Kostnaðarstaður	Áætlun 2010	Esk áætlun 2010	Útk.spá 2010	Áætlun 2011		
				Gjöld	Tekjur	Mism / rammi
AÐRAR MENNINGARSTOFNANIR						
03500 Menningarmiðstöðin Gerðubergi	74.639	74.639	74.639	78.757	-5.584	73.173
03600 Ljósmyndasafn Reykjavíkur	35.394	35.394	35.394	48.012	-10.540	37.472
03900 Viðey	58.900	58.900	58.900	61.819	-3.632	58.187
	168.933	168.933	168.933	188.587	-19.756	168.831
STYRKIR OG SAMSTARFSSAMNINGAR						
03101 Leikfélag Reykjavíkur	645.890	693.731	693.731	698.276	0	698.276
03105 Listahátíð í Reykjavík	34.020	34.020	34.520	30.520	0	30.520
03109 Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum	33.730	33.730	34.273	33.866	0	33.866
03111 Loftbrýr	3.800	3.800	3.800	7.700	-4.000	3.700
03113 Styrkir og samstarfssamningar	89.303	89.303	89.303	82.903	0	82.903
03135 Tjarnarbíó, Sjálfstæðu leikhúsin	23.132	23.132	17.096	31.941	0	31.941
03140 Húsnæðisstyrkir til menningarmála	36.741	36.741	36.199	30.616	0	30.616
07250 Sjóminjasafnið	20.300	20.300	20.300	20.000	0	20.000
	886.915	934.757	929.222	935.821	-4.000	931.821
FRAMLÖG						
03102 Sinfóníuhljómsveit Íslands	112.500	112.500	112.500	129.100	0	129.100
03145 Framlag til Hörpu	60.000	60.000	60.000	391.526	0	391.526
	172.500	172.500	172.500	520.626	0	520.626
ANNANÐ						
03120 Sameiginl. og ófyrirséður kostn. sviðs	47.216	47.216	44.850	47.456	-10.000	37.456
03121 Tengsl skóla og menningarstofnana	3.000	3.000	3.000	3.000	0	3.000
03125 Gjaldfærðir lausafjármunir	11.813	11.813	11.813	7.000	0	7.000
03137 Sérverkefni	6.500	106.500	106.500	15.000	0	15.000
03138 Aðalstræti 10	5.793	5.793	5.793	1.020	0	1.020
03999 Innri leiga áhalda og tækja	18.717	18.717	18.717	24.640	0	24.640
	93.038	193.038	190.673	98.115	-10.000	88.115
SAMTALS:	2.526.838	2.674.680	2.668.644	3.113.201	-233.079	2.880.122

Stefnukort Menningar- og ferðamálasviðs

Gildi: Mannrækt – Orka – Fagmennska

Þjónusta	Menningaruppeldi	Höfuðborg menningar	Eftirsóknarverður áfangastaður	Nýsköpun
Fjármál	Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Sterk kostnaðarvitund	Gagnsæi í styrkveitingum	Verðmætasköpun
Verklag	Samstarf og samráð	Öflug miðlun upplýsinga	Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlúa að sögu og menningarminju Skýrar verklagsreglur og gagnsæ stjórnsýsla
Mannauður	Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Árangursríkir stjórnunarhættir	

Þjónusta

Menningaruppeldi

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum.

Höfuðborg menningar

Höfuðborgarhlutverkið gengur sem rauður þráður í gegnum nýja menningarstefnu Reykjavíkurborgar jafnt í leiðarljósi sem markmiðum. Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Reykjavík gegni menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og rækti menningarlega sjálfsmynd sína. Menning, listir og saga séu mikilvægur þáttur í þróun borgarmyndarinnar. Í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma.

Eftirsóknarverður áfangastaður

Reykjavík eflist sem alþjóðleg borg og sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Borgin verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring. Menningarlífið einkennist af alþjóðlegum borgarbrag jafnframt því sem menningarlegri sérstöðu er vísar til upprunans er haldið á lofti.

Nýsköpun

Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hafi tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Sköpuð sé aðstaða og rými fyrir kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi. Höfuðborgarstofa stuðli að og hvetji til nýsköpunar og vöruþróunar í samstarfi við fagaðila. Þannig einkennist þjónusta og afþreying til ferðamanna í borginni af fagmennsku og fjölbreytileika.

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

Sterk kostnaðarvitund

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda sé skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi og eftirliti er viðhaldið.

Gagnsæi í styrkveitingum

Verklagsreglur um styrkveitingar séu skýrar, byggist á styrkjareglum borgarinnar og stefnumörkun fagráðsins á hverjum tíma.

Verðmætasköpun

Í menningu og listum í borginni er fölginn vaxtarbroddur og auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Menning verði viðurkennd sem mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar. Leggja ber áherslu á beint og óbeint framlag menningar, lista og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

Verklag**Samstarf og samráð**

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Stefnt er að aukinni samvinnu í menningar- og ferðamálum innan borgar, milli stofnana og fagsviða hennar og virkri þátttöku íbúa og gesta. Þá er stefnt að aukinni samvinnu Menningar- og ferðamálasviðs við félög listamanna, ferðaþjónustuaðila, innlendar og erlendar stofnanir, önnur sveitarfélög, samtök, menntastofnanir og atvinnulíf. Haft verði samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

Öflug miðlun upplýsinga

Markviss kynning á starfsemi menningarstofnana til borgarbúa og gesta. Starfsemi menningarstofnana borgarinnar nái út fyrir veggja þeirra og höfði til allra kynslóða. Fyrir ferðamenn er áherslan á Reykjavík sem gáttina að Íslandi.

Gott aðgengi og almenn þátttaka

Menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Menningarlífið laði fólk til borgarinnar, hvetji til almennrar þátttöku og stuðli að jákvæðri félagsþróun.

Hlúa að sögu og menningarminjum

Í borgarmyndinni sé hlúð að sögu og menningarverðmætum og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi. Menning, listir og saga séu mikilvægur þáttur í þróun borgarmyndarinnar. Borgin telur það skyldu sína að vinna að verndun og varðveislu menningararfleifðarinnar. Unnið sé fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsóknar, varðveislu og miðlunar.

Skýrar verklagsreglur og gagnsæ stjórnsýsla

Vægi menningar og ferðamála í stjórnkerfi borgarinnar sé ótvírætt. Skipulag menningar- og ferðamála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss.

Mannauður**Hæfir og áhugasamir starfsmenn**

Tryggja skal starfsmönnum góð starfsskilyrði og gefa þeim tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Samskipti einkennist af trausti og virðingu og starfsumhverfi sé hvetjandi og jákvætt. Lögð sé áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóga hugsun meðal starfsmanna.

Árangursríkir stjórnunarhættir

Stjórnendur tileinki sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvæð viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Styðja þarf vel við stjórnendur, veita þeim tækifæri til símenntunar og nauðsynleg tæki til að sinna stjórnunarhlutverki sínu.

Skorkort 2011

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2009	Áætlun 2010	Markm. 2011
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	142	133	120
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	36.531	36.600	39.620
Höfðuborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	69%	77%	77%
	Fjöldi fjölmennigartengdra verkefna og viðburða	24	23	23
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins		5.130	4.555
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.474.977	1.487.500	1.371.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	87%	87%	87%
	Fjöldi hópa sem koma í þekkingarheimsóknir	59	76	105
	Fjöldi erlendra ferðamanna til landsins	502.000	507.000	550.000
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	38	25	13
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-5%	1%	1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	873	877	912
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	48	36	41
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma		-15%	-17%
Verklag				
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	92%	90%	90%
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	527.811	517.556	801.132
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	29	26	20
Samstarf og samráð	Fjöldi innlendra samstarfsverkefna ¹	109	86	156
	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	29	26	28
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	7	9	6

Skorkort 2011 frh.

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2009	Áætlun 2010	Markm. 2011
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	89%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	78%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýta í starfi	75%	83%	83%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	83%	90%	90%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	79%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.	58%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	61%	80%	80%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	69%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	63%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	95%	100%	100%

¹ Breytt talning hjá Höfuðborgarstofu.

Minna en 75% markmiða náð



75 - < 95% þarf að nást



95-100% markmiðum náð



Íslensk ferðaþjónusta snýr vörn í sókn



Árið 2010 var óvenjulegt ár í íslenski ferðaþjónustu. Ísland og Reykjavík voru í lok árs 2009 nefnd í fjölmörgum alþjóðlegum útgáfum um ferðaþjónustu sem eftirsóknarverðir áfangastaðir 2010. Krónan var lág og Ísland var skyndilega orðinn áfangastaður sem stærri hópur gat leyft sér að ferðast til.

Þegar gos hófst í Eyjafjallajökli í apríl sl. blasti hins vegar önnur mynd við og allt stefndi í að sumarvertíðin færi forgörðum með tugmilljarða tekju- og gjaldeyrisbrottfalli. Helstu hagsmunaðilar í ferðaþjónustu – ríki, borg og yfir 70 ferðaþjónustufyrirtæki - brugðust hratt og markvisst við og tóku höndum saman um kraftmesta markaðsátak sem ráðist hefur verið í hérlendis. Reykjavíkurborg kom mjög myndarlega að verkefninu Inspired by Iceland – með 100 m.kr. fjárframlagi og margvíslegri aðkomu Höfuðborgarstofu að framkvæmd og eftirfylgni.

Nú virðist liggja fyrir að ferðaþjónustan muni væntanlega skila svipuðu til þjóðarþúsins árið 2010 og raunin varð 2009. Fjárfestingin í Inspired by Iceland verkefninu hefur því skilað verulegum árangri í ferðaþjónustu og mun nýtast áfram því mikill efniviður er fyrir hendi auk þess sem eftir stendur farsæl reynsla af samvinnu opinberra aðila og einkafyrirtækja.

Í ferðaþjónustu eru sérstök skilyrði um þessar mundir sem gera það að verkum að fjárfesting í því að lengja ferðamannatímam er líklega fljótverkasta og ódýrasta leiðin sem völ er á til þess að skapa atvinnu og auka gjaldeyristekjur eins og dæmi frá öðrum löndum sanna. Í þessu sambandi spilar Reykjavík afar mikilvægt hlutverk sem einn helsti segull Íslands utan háannatímans. Tilkoma Hörpu - Tónlistar- og ráðstefnuhúss er kallar jafnframt á stórauðna áherslu og sókn fyrir Reykjavík sem ráðstefnuborg og vettvang alþjóðlegra viðburða af ýmsu tagi.

Icelandair og Iceland Express hafa séð tækifæri á markaði til þess að auka umsvif sín, fjölga flugvélum


í sinni þjónustu og auka sætaframboð sitt. Aukið framboð mun á næstu árum því skapa möguleika til þess að fjölga ferðamönnum til Reykjavíkur og auka hlutdeild ferðaþjónustunnar sem aflvaka í borginni.

- Samkvæmt síðustu útreikningum voru rúmlega 10 þúsund manns starfandi í ferðaþjónustu árið 2009 miðað við 7900 í fiskveiðum og fiskvinnslu og um 1400 í áliðnaði.
- Áætlað er að hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu hafi verið um 4,5% á árinu 2009 sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári. Til samanburðar var hlutdeild sjávarútvegs 6.3% og áliðnaðar líklega um 3%
- Hlutur ferðaþjónustunnar í gjaldeyristekjum þjóðarinnar er um 20%, hlutur stóriðjuafurða er um 24% og sala sjávarafurða um 27% gjaldeyristeknanna.
- Gjaldyristekjur eða útgjöld (án útgjalda vegna fargjalda) erlendra ferðamanna innanlands á árinu 2009 voru áætlaðar um 70 milljarðar. Gjaldyristekjur að viðbættum fargjaldatekjum voru áætlaðar um 153 milljarðar á árinu 2009.

(Heimild: Útreikningar byggðir á birtum tölum Hagstofunnar og óbirtum tölum úr ferðaþjónusreikningum Hagstofunnar).


Viðskipti erlendra ferðamanna skipta feikilega miklu máli fyrir verslun og breitt svið þjónustu í Reykjavík. Erlendir ferðamenn stækka innlenda markaðinn og tölur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af innkaupum sýna mikilvægi þeirra fyrir hagkerfi höfuðborgarinnar.

Markmið *Inspired by Iceland* voru að draga úr neikvæðum áhrifum á trausta markaði sem tekið hefur langan tíma að byggja upp, að stykja ímynd Íslands og Reykjavíkur og skapa tækifæri úr þeirri umfjöllun sem landið hefur fengið á erlendum vettvangi. Hér sést yfirlit aðgerða sem ráðist var í.





Reynsla ferðamanna af Reykjavík fyrstu 9 mánuði 2010

Í janúar til apríl var reynsla fólks af Reykjavík frá janúar til apríl 2010 var mjög jákvæð; 95% kváðu hana frábæra eða góða en 5% sæmilega. Þetta er ásamt niðurstöðunum fyrir veturinn 2008-9 og sept.-des. 2009 besta umsögn um Reykjavík sem mælt hefur í vetrarkönnunum RRF fyrir Höfuðborgarstofu.



Í sumarkönnuninni töldu 88% reynsluna frábæra eða góða en sú prósentu var 91% árið 2009. Ef bornar eru saman meðaleinkunnir afþreyingar úr vetrar- og sumarkönnun 2010 eru þær á svipaðar þótt meðaltal einkunna sé almennt hærra um vetur en sumar.


Meðaleinkunn afþreyingar sumar og vetur 2010



Vetur 2010

Sumar 2010

Þegar spurt var hvort viðkomandi myndi mæla með Reykjavík við aðra sögðust 98% vetrargesta myndu gera það en 92% sumargesta.



150 þúsund manns tóku þátt í Win a trip to Reykjavík í desember 2010 í gegnum vefsíðuna Visit Reykjavík

302 þúsund gestir heimsóttu Upplýsingamiðstöðina í Aðalstræti árið 2010

Langflestir erlendir gestir sem koma til Íslands eru ánægðir með Íslandsferðina en 97% telja að hún hafi uppfyllt væntingar

Á höfuðborgarsvæðinu voru um 6000 hótelrúm skráð árið 2009 skv. Hagstofu Íslands

80 þúsund ferðamenn komu með skemmtiferðaskipum á Höfuðborgarsvæðið árið 2010

10 þúsund manns voru starfandi í ferðaþjónustu árið 2009

Um 6000 gestir heimsóttu Upplýsingamiðstöðina Aðalstræti vikuna eftir að Eyjafjallajökulsgosið hófst 2010

Tæplega 460 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Leifsstöð árið 2010

350 viðburðir voru skráðir á Menningarnótt 2010

Næstu skref

Þau áhrif sem þó vega þyngst í kjölfar átaksins er sá samstarfsvilji og samstaða sem skapaðist milli ferðaþjónustufyrirtækja innbyrðis og við opinbera aðila. Samstarfið í gegnum Inspired by Iceland sáði fræjum að hugmyndum um enn frekara samstarf á breiðum vettvangi – ekki síst í Reykjavík.

Áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu í Reykjavík byggir á þremur stoðum: góðum innviðum, skapandi vöruþróun og markvissri kynningu og markaðssetningu. Þróun á afþreyingu og tækifærum til upplifunar í öllu hugsanlegu formi er verkefni sem Reykjavíkurborg getur beitt sér fyrir í samvinnu við ferðaþjónustuna og skapandi greinar. Sterk vöruþróun er vísasta uppskriftin að góðri langtímaþróun áfangastaðarins og með markvissu kynningarstarfi – sérstaklega með áherslu á ráðstefnuborgina, menningu og heimsóknir utan háannar – er sú áhersla sem rétt er að leggja.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu í Reykjavík sýna nú mikinn áhuga á því að vinna með Höfuðborgarstofu á nýjan hátt og markvissari hátt – jafnt í almennri kynningu sem og á vettvangi Ráðstefnuborgarinnar. Í samhengi við loka-hnykkinn á mótun ferðamálastefnu Reykjavíkur er verið er að skoða mögulegar útfærslur á auknu samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu í Reykjavík.






Leiðarljós

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og efli menningu í alþjóðlegu umhverfi.



Borgarþókasafn Reykjavíkur





Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur sex söfn; aðalsafn í Grófarhúsi, Ársafn, Gerðubergssafn, Foldasafn, Kringlusafn og Sólheimasafn ásamt bókabílnum Höfðingja með tæplega 40 viðkomustöðum og sögubílnum Æringja sem heimsækir m.a. rúmlega 90 leikskóla borgarinnar auk hverfahátíða.

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

Meginmarkmið

- Borgarbókasafn sé aðgengilegt öllum borgarbúum.
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af daglegu lífi borgarbúa.
- Starfsemi og þjónusta Borgarbókasafns einkennist af viðsýni og virðingu gagnvart öllum.
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af menningaruppeldi barna og unglunga.
- Íslenskar bókmenntir séu kynntar jafnt innan lands sem utan.
- Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina.
- Borgarbókasafn hafi á að skipa ánægðum og hæfum starfsmönnum sem sinni störfum sínum á framúrskarandi hátt.
- Starfsemi Borgarbókasafns sé lýðræðisleg og opin og starfsmenn ásamt borgarbúum hafi áhrif á hana.
- Fjármunum sé vel varið.

(Sjá nánar um hlutverk, leiðarljós og markmið safnsins á vefsíðu safnsins).

Safnið starfar í samræmi við gildandi stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar þar á meðal samþykkt um Borgarbókasafn frá 2002; lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997; yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningsbókasöfn frá 1994 og yfirlýsingu Alþjóðasamtaka bókasafna og bókavardafélaga (IFLA) um fjölmennarleg bókasöfn.

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -52.800

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 343.357

Innri leiga 93.965

Annar rekstrar-
kostnaður 146.624

Rekstrarniðurstaða 531.146

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 107

Fjöldi stöðugilda 74,7



www.borgarbokasafn.is



HELSTU VERKEFNI 2011

Borgarbókasafn Reykjavíkur mun kappkosta að halda sjó í erfiðu árferði, stofna til nýrra (minni) verkefna og blása nýju lífi í eldri. Allar hagræðingar- aðgerðir miðast við að skerða sem minnst starfsemi og þjónustu safnsins. Markaðssetning verður miðuð við að ná til nýrra hópa og hlúa vel að núverandi notendum safnsins. Slagorðið *Borgarbókasafn um alla borg* verður endurvakið. Einnig verða endurvakin eldri verkefni eins og „bókaðu starfsmanninn“ þar sem gestur getur fengið persónulega aðstoð við að fóta sig í upplýsingaheimum.

Fé til innkaupa á safnkosti dregst saman um tæp 10% milli ára en upphæðin hefur verið óbreytt frá árinu 2003. Til að nýta safnkostinn sem best og auka veltu hans verður útlánstími stytur. Stytting afgreiðslutíma er fyrirsjáanleg en verið er að útfæra nákvæmlega tillögur þannig að áhrifin verði sem minnst. Ákvörðun frá 2009 um lokun Seljasafns kemur til framkvæmda um áramót. Skoðuð verða tækifæri sem gætu leynst í auknu samstarfi Borgarbókasafns og skólábókasafna.

Bætt aðgengi og betri miðlun upplýsinga verða meðal verkefna ársins. Nýtt notendaviðmót *Gegnis* svokallað *Primo* mun komast í gagnid og er tæknin gjörbreytt frá núverandi notendaviðmóti. Gagnvirkni og myndræn framsetning gerir notkun *Gegnis* skýrari og auðveldari. Ljósmyndasafn og Borgarbókasafn munu vinna saman að því að Ljósmyndavefurinn verði leitarbær í *Gegni*.

Nýtt kynningarmyndband um starfsemi og þjónustu á fjölmörgum tungumálum verður sett á heimasíðu safnsins og er það afrakstur *Comenius Regio* verkefnisins sem styrkt er af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. *Comenius Regio* verkefninu er ætlað að meta stöðu og framfarir nemenda, sem læra íslensku sem annað tungumál á Íslandi og spænsku á Spáni en einnig hvernig stuðla megi að markvissari móttöku og félagslegri aðlögun þessara nemenda og fjölskyldna þeirra við komu til landanna.

Unnið verður áfram að verkefninu *Reykjavík – bókmenntaborg UNESCO* í samvinnu við skrifstofu sviðsins.

Fjölmennningarverkefni verða eflað og a.m.k. einu nýju bætt við *Lesum blöðin saman*. Starfsmenn safnsins munu skoða íslensk blöð og tímarit, prentuð og á vefnum, með gestum sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Endur(vinnsla)lestur er nýtt verkefni. Almennur, vinur og velunnarar bókasafnsins verða hvattir til að koma með „góðar og skemmtilegar“ bækur sem þeir eru sjálfir búnir að lesa og telja að aðrir geti lesið sér til ánægju. Verkefnið er hugsað sem vistvænt auk þess að örva lestur góðra og skemmtilegra bóka.

Leshringjum verður hleypt af stokkunum. Þátttakendum verður hjálpað af stað af starfsmönnum en síðan er ætlunin að hver hringur sjái um framhaldið en fái aðstöðu til funda í safninu.

Næsta Borgarbókasafn

Next Library er samstarfsverkefni sjö almenningsbókasafna á Norðurlöndum um mótun samnorðænnar framtíðarstefnu almenningsbókasafna. Verkefnið hófst árið 2010, er til þriggja ára og styrkt af Norræna menningarsjóðnum. Nýstárlegum aðferðum er beitt við hugmyndavinnuna en fyrsti vinnufundur *Next Library* var skipulagður af Borgarbókasafni hér í Reykjavík með 70 þátttakendum og á árlegu málþingi starfsmanna Borgarbókasafns sem bar yfirskriftina *Næsta Borgarbókasafn* var hliðstæðum aðferðum beitt. Meðal þess sem kom hjá starfsmönnum var mikilvægi góðrar markaðssetningar, markvissrar símenntunar, starfsánægju og hvetjandi starfsumhverfis, styrkja þyrfti einingu innan Borgarbókasafns, samstarf og samráð við að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd. Búinn verður til samráðsvettvangur starfsmanna þar sem þessar hugmyndir verða að veruleika.

Safnfræðsla

Safnfræðsla verður betur miðuð við ólíkar þarfir hópa sem koma í heimsókn. Einnig verður undirbúningsefni fyrir safnfræðslu/heimsóknina sett á heimasíðu safnsins og geta t.d. kennarar skoðað það með nemendum fyrir heimsóknina. Ljósmyndasafn Reykjavíkur og aðalsafn munu skipuleggja safnfræðslu saman.

Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Markm. 2011
Gestafjöldi	632.470	698.133	670.000	670.000
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á mán)	7.327	7.170	12.000	12.000
Fjöldi uppflættinga á vefi BBS (meðaltal á mán)	51.563	48.240	47.000	47.000
Safnkostur	476.794	477.012	476.000	474.000
Safnkostur á íbúa	3,97	3,99	4,0	4,0
Velta safnkosts-útlán á eintak	2,2	2,46	2,4	2,35
Velta safnkosts-tónlist (eingöngu) útlán á eintak	3,3	3,5	3,1	3,0
Tölvur fyrir gesti	43	42	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	360	352	342	308
Afgreiðslustundir á ári	18.720	18.304	17.784	16.016
Afgreiðslustundir samstarfssafnanna í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi á viku	88	88	83	83
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	6.726	6.726	6.726	6.622
Útlán	1.033.949	1.176.720	1.140.000	1.120.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	8	6	6	6
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	5	5	5	5
Bókin heim (fjöldi notenda)	80	85	87	87
Útlán á íbúa	8,6	9,8	9,6	9,5
Fjöldi viðburða	41	38	40	40
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	10.454	9.437	10.500	10.500



Viðburðadagatal Borgarbókasafns 2011

Janúar	Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergssafni.
Febrúar	Safnanótt og Ljóðaslamm. Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergssafni. Heimsdagurbarna í Gerðubergssafni.
Apríl	Vika bókarinnar, Sumardagurinn fyrsti - Bókaverðlaun barnanna afhent að undangenginni kosningu um allt land.
Maí	Myndasögusamkeppni og sýning.
Júní	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Rítsmiðjur. Sumarlestur barna í öllum söfnum. Reykjavík Safarí.
Júlí	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Sumarlestur barna í öllum söfnum.
Ágúst	Kvöldgöngur úr Kvosinni. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Menningarnótt.
September	Vika símenntunar. Málþing starfsmanna.
Nóvember	Norræna bókasafnavikan. Dagur íslenskrar tungu.
Desember	Bókmenntakynningar fyrir unglina.

Allt árið:

Barna- og fjölskyldudagskrár m.a. Sunnudagar eru barnadagar og Fjölskyldumorgnar. Sögustundir og safnkynningar í öllum söfnum.


Ýmsir viðburðir s.s. brúðuleikhús, heimsóknir listamanna, bókmenntadagskrár.

Þátttaka hverfissafna, bókaþilsins Höfðingja og sögubilsins Æringja í hverfishátíðum. Myndlistarsýningar í Artóteki (4-5). Ýmsar minni sýningar í einstökum söfnum.

Fjölmenningarlegir viðburðir m.a. sögustundir og safnkynningar á ýmsum tungumálum. Menningarmót fyrir börn og fullorðna s.s. í leik- og grunnskólum og á vinnustöðum. Ratleikur fyrir börn og unglina. Safnkynningar fyrir fólk af erlendum uppruna sem er að læra íslensku. Söguhringur kvenna. Heilahristingur.

- Lestrarhvetjandi verkefni o.fl. í tengslum við Bókmenntaborgina Reykjavík -tímasetning óráðin.

*Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábyli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.

A nighttime photograph of the Höfuðborgarsstofa building in Reykjavik, Iceland. The building features a curved, ribbed roof and a facade of large glass windows and concrete pillars. The scene is illuminated with vibrant, multi-colored lights (red, orange, yellow, green, blue, purple) that create a rainbow-like effect. The lights are reflected on a wet, polished floor in the foreground, creating a mirror-like effect. The sky is dark, and the overall atmosphere is modern and artistic.

Höfuðborgarsstofa



Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan skal vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með samþættingu nýsköpunar og vöruþróunar, markaðssetningar og viðburða. Höfuðborgarstofa skal reka öfluga upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn þar sem lögð er áhersla á faglega þjónustu sem tekur til landsins alls. Höfuðborgarstofa skal sjá um framkvæmd á skilgreindum borgarhátíðum og vera skýr farvegur fyrir undirbúning, framkvæmd og kynningu á viðburðadagatali borgarinnar auk þess að sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur viðburða. Höfuðborgarstofa skal hafa frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á milli stofnana Reykjavíkurborgar og aðila í ferðaðjónustu með það að markmiði að auka samstarf, upplýsingamiðlun og nýsköpun í ferðaðjónustu.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðaðjónustu á Íslandi.
- Vinna að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.
- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Virkja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastaðar.

HELSTU VERKEFNI 2011

Upplýsingamiðstöð ferðamanna – UMFR

Höfuðborgarstofa rekur Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn (UMFR) og aðra sem leita að alhliða upplýsingum um ferðatengda þjónustu um

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -50.900

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 67.741

Innri leiga 570

Annar rekstrar-kostnaður 90.924

Rekstrarniðurstaða 108.335

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 16

Fjöldi stöðugilda 11



www.visitreykjavik.is



landið allt. Upplýsingamiðstöðin Aðalstræti 2 er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar finna upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu, menningu, minjar og margt fleira.

Samningur við núverandi aðila um rekstur bókonar og söluþjónustu á UMFR rennur út í apríl. Kannaðir verða hagkvæmstu kostir og fyrirkomulag um framkvæmd þjónustunnar. Áfram verður haldið samstarfi við Hitt húsið um Lifandi vegvísa, ungmennti sem vísa ferðamönnum til vegar, aðstoða í upplýsingamiðstöðinni og á viðburðardeild Höfuðborgarstofu.

Gestakortið

Unnið verður að áframhaldandi markaðssetningu á kortinu, með áherslu á að nýir samstarfsaðilar komi inn með ný tilboð. Söfn eru í auknum mæli að taka upp greiðslu aðgangseyris á ný og gefur það tækifæri til aukinnar sölu kortsins. Enn er verið að leita leiða til að rafvæða kortið en Strætó bs. Hefur ekki boðið upp á rafræna greiðslumöguleika. Lausn virðist þó í auglýsingu.



Vefur

Vefsvæðið www.visitreykjavik.is og viðburðavefir Höfuðborgarstofu eru öflugasta og um leið sveigjanlegasta markaðsverkfæri Höfuðborgarstofu. Þróun þeirra verður haldið áfram með innleiðingu ýmissa gagnvirkra lausna er taka mið af því nýjasta sem er að gerast í veflausnum.

Áhersla verður á að skoða hvernig bókonarferlið á vefnum geti skilað betri hagnaði, innleiðingu á „My Reykjavík“, og tækifærin sem skapast með nýju viðburðardagatali t.d með að fá þá þjónustu í farsímalausn. Markmiðið er að koma heimsóknum á vefinn upp í 1800 – 2000 heimsóknir á dag í lok árs. Haldið verður áfram að þróa leiki eins og ferðaleikinn *Win a trip* sem gerður var í tengslum við Imagine Reykjavík og margfaldaði aðsókn á vefinn.

Þekkingarheimsóknir

Efnisframboð þekkingarheimsókna og heimasíða verkefnisins var tekin til endurskoðunar árið 2010,

sem leiðir af sér aukið og fjölbreyttara framboð 2011. Áhersla verður á að kynna verkefnið innanlands sem utan. Ennfremur verður farið í kynningarátak innan Reykjavíkurborgar með það að markmiði að allir starfsmenn borgarinnar þekki verkefnið og viti í hvaða farveg þeir eigi að beina heimsóknarbeiðnum. Leitað verður samstarfs um þekkingarheimsóknir við hin Norðurlöndin. Höfuðborgarstofa mun sjá um þekkingarheimsóknir í Höfða í samstarfi við Innkaupaskrifstofu.

Ferða- og markaðsmál 2011

Helstu áherslur í ferða- og markaðsmálum taka mið af grænum áherslum Reykjavíkurborgar. Þá verða bókmenntatengdar áherslur fyrirferðamiklar bæði vegna þess að Ísland verður, fyrst Norðurlanda, heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt árið 2011 og umsóknarinnar um að Reykjavík verði bókmenntaborg UNESCO.

Reykjavík komst í sex borga úrslit um að vera Græna borg Evrópu 2012 - 2013 og styður sá áfangi við viðleitni til áframhaldandi þróunar á grænum áherslum í ferðaþjónustu og kynningu á borginni. Neytendarannsóknir benda til að umhverfisþættir og græn viðskiptatengsl, svo sem í ferðaþjónustu muni skipa sífellt meiri sess í huga almennings í framtíðinni. Höfuðborgarstofa mun vinna að dreifingu græns korts meðal ferðamanna í Reykjavík, bæði pappírskorti en einnig á ferðavefsvæðinu og hvetja ferðamenn til að virða náttúruna, umhverfi sitt og græna ferðamáta og neyslu á sínum ferðalögum.

Vegna þátttöku Íslands í bókasýningunni í Frankfurt er mikilvægt að nýta þann meðbyr sem kynningin hefur í för með sér. Þýskaland verður í öndvegi í markaðsáætlunum Höfuðborgarstofu. Flugtíðni til landsins verður aukin í vetur því er mikilvægt að virkja með markvissum hætti þennan mikilvæga markað. Það verður gert m.a. með því að sækja ITB ferðakaupstefnuna í Berlín sem er sú mikilvægasta fyrir þennan markað. Einnig með því að hvetja aðila tengdum ferðaþjónustu og menningu til að koma á fót fleiri bókmenntatengdum viðburðum og fjölga textaðum bíósýningum mynda sem unnar hafa verið eftir íslenskum bókum. Að sama skapi er mikilvægt að vinna með verkefninu Sögueyjan Ísland, sem undirbýr þátttöku Íslands í bókasýningunni í



Frankfurt, að ýmsum verkefnum sem taka á sig mynd þegar líður á árið.

Auk ITB ferðakaupstefnunnar í Berlín tekur Höfuðborgarstofa þátt í nýju ferðakaupstefnunni City Fair í London. Stefnt er að samstarfi við Icelandairhótel á kaupstefnunni.

Samstarfsverkefnið Iceland Naturally verður áfram mikilvægur hluti markaðsmála 2011 en Reykjavík mun koma að verkefninu með ýmsum hætti. Áhersla verður lögð á Ráðstefnuborgina og Hörpu, menningu og tækifæri sem skapast vegna stóraukins framboðs flugs frá þessu markaðssvæði. Íslensku flugfélögin Icelandair og Icelandexpress munu bæði auka tíðni og fjölga áfangastöðum auk þess sem Delta Airlines hefur boðað Íslandsflug 2011.

Gefinn verður út ímyndarbæklingur með áherslu á afþreyingu og menningu á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu. Kynningar og móttökur halda áfram að vera stór þáttur í starfseminni, þar sem erlendir blaðamenn fá sérstaka þjónustu með leiðsögn, kynningum, kynningarefni og Gestakorti Reykjavíkur.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa

Með tilkomu Hörpu sem verður ein glæsilegasta ráðstefnuaðstaða á Íslandi opnast ný og mjög spennandi tækifæri til að efla Ráðstefnuborgina Reykjavík og ná hingað verðmætum ferðamönnum.

Tónleikasalurinn er stærstur en hann tekur mest 1.630 ráðstefnugesti í sæti. Að auki eru þrjár salir og fjöldi stærri og smærri fundarherberbergja ásamt stóru forrými sem nýtist vel sem sýningarsvæði, fyrir móttökur og veisluhöld.

Mikil áhersla verður lögð á markvisst samstarf Höfuðborgarstofu, Ráðstefnuskrifstofu Íslands og markaðsskrifstofu Hörpu við kynningu á húsinu og möguleikum þess bæði hvað varðar ráðstefnur, tónleikahald og aðra viðburði.

Viðburðir og hátíðir

Gert er ráð fyrir að *Barnamenningarhátíð* verði haldin annað hvert ár, þannig að næsta hátíð verður

árið 2012. Með þessari ákvörðun verður unnt að efla *Vetrarhátíð* í febrúar. *Hestadagar í Reykjavík* verða haldnir í fyrsta sinn dagana 26. mars - 2. apríl. Að hátíðinni standa Landssamband Hestamannafélaga, Höfuðborgarstofa og Icelandair. Hátíðin teygir anga sína út í ræktunarbú og hestamannafélög í nágrenni Reykjavíkur og lýkur með opnum degi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þar sem allt það sem tengist íslenska hestinum verður kynnt.



Höfuðborgarstofa sér um framkvæmd *Hátíðar hafsins* í júní og *Menningarnótt* heldur sínu striki í ágúst. *Imagine Reykjavík* er röð viðburða af ýmsu tagi sem endurspeglar friðar- og kærleiksboðskap John Lennon og Yoko Ono. Dagskráin hefst þann 9. október á fæðingardegi Johns Lennon með tendrun á Friðarsúlunni í Viðey er logar til dánardægers Lennon þann 8. desember. Að skipulagningu standa Höfuðborgarstofa, Viðey og Icelandair. *Adventuhátíðin* er svo haldin fyrsta sunnudag í adventu þegar kveikt er á Oslóartrénu.

Höfuðborgarstofa veitir auk þess einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum ráðgjöf um viðburðahald.

Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Markm. 2011
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	77%	69%	62%	77%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.menningarnott.is	26.094	37.364	40.350	50.000
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	270.000	323.000	310.000	333.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)*	7.117	8.160	10.150 ¹	10.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi (flugvellir og skemmtiferðaskip)	502.000	564.000	540.000 ²	550.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	254.395	286.163	400.000	541.600 ³
Fjöldi blaðamanna og annarra söluaðila	480	540	580	600
Fjöldi þekkingarheimsókna	32	57	50 ⁴	105
Fjöldi gesta í þekkingarheimsóknum	333	926	650	1.500
Fjöldi fyrirlestra/vettvangsheimsókna í þekkingarheim- sóknum	44	98	70	120

¹Vegna gossins í Eyjafjallajökli var gefið töluvert af kortum í samstarfi við Ferðamálastofu.

²Byggir á tölum úr Leifsstöð og uppl. um komu skemmtiferðaskipa.

³Nýr vefur fór í loftið 2010 í kjölfarið var farið í markaðsherferð sem stendur út árið 2011.

⁴Mikið var um afbókanir heimsókna vegna gossins í Eyjafjallajökli sem ekki skiluðu sér aftur.

Viðburðadagatal Höfuðborgarstofu 2011

Febrúar	Vetrarhátíð/Safnanótt
Mars	Hestadagar í Reykjavík
Júní	Hátíð hafsins
Ágúst	Menningarnótt
Október	Imagine Reykjavík/tendrun Friðarsúlu
Desember	Aðventuhátíð

Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Að Listasafn Reykjavíkur sé framúrskarandi alþjóðlegur vettvangur myndlistar sem leggur áherslu á markvissa þjónustu við ólíka hópa og sé eftirsóknarverður viðkomustaður í daglegu lífi fólks.



Listasafn Reykjavíkur



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚSIÐ • ÁSMUNDARSAFN



Safnið hefur þrjú hús til umráða: Kjarvalsstaði frá 1973, Ásmundarsafn frá 1983 og Hafnarhúsið frá árinu 2000.

Hlutverk

Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er hlutverk stofnunarinnar að:

- Safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna.
- Rannsaka og sinna fræðslu um myndlist og byggingarlist.
- Efna til kynningar á verkum og starfsemi safnsins.
- Hafa umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar.
- Stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist.

Meginmarkmið

- Að val verka í safneign og til sýninga ráðist af listrænu gildi þeirra fyrst og fremst.
- Að sinna fræðslu, kynningu og útgáfu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum.
- Að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum safnsins á þann hátt að safneignin geti þjónað menningarsögulegu hlutverki sínu til frambúðar.
- Að hafa gott eftirlit og umsjón með listaverkum á almannafæri í eigu borgarinnar svo þau haldi listrænu gildi sínu.
- Að sýna helstu stefnur og strauma í list samtímans og með því gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.

HELSTU VERKEFNI 2011

Listasafn Reykjavíkur mun leitast við að bjóða upp á metnaðarfullar sýningar, nýjar áherslur í fræðslu, markvissa kynningu og nýtt átaksverkefni í varðveislu gagna um listræna sögu og listaverkaeign safnsins. Til að gera þetta mögulegt verður tímabundið dregið úr

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -61.528

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 116.933

Innri leiga 101.622

Annar rekstrar-
kostnaður 126.934

Rekstrarniðurstaða 283.961

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 42

Fjöldi stöðugilda 21



www.listasafnreykjavikur.is



alþjóðlegum sýningarverkefnum og erlendra styrkja leitað til að fjármagna átaksverkefni. Nýjar leiðir í almennri fræðslu og kynningu munu taka mið af nýjum forsendum í þjóðfélaginu.

Á árinu verða sjö stór sýningaverkefni í safnhúsunum þremur leidd af sjálfstætt starfandi sýningastjórum, þar sem teknir eru fyrir afmarkaðir þættir íslenskrar myndlistar og þeir skoðaðir ítarlega í sýningum og útgáfum. Sautján smærri sýningar verða á dagskrá: fræðslusýningar, kynning á ungum listamönnum og litlar þema-sýningar á Erró.

Að baki stærri sýningunum liggja rannsóknir á einstökum viðfangsefnum í samtímalist og á sögu íslenskrar myndlistar á seinni hluta 20. aldar. Í Hafnarhúsi verða tengsl manns og umhverfis skoðuð frá mismunandi sjónarhornum í tveimur sýningum, annars vegar í ljósi þess hvernig listamenn nota ferðalög í verkum sínum og hins vegar út frá náttúruverndarsjónamiðum.

Báðar sýningarnar bregðast við aðstæðum í íslensku þjóðfélagi. Þannig er fyrri sýningunni ætlað að vekja gesti til umhugsunar um áhrif markaðsvæðingar landsins sem ferðamannalands og þá tilhneigingu sem henni fylgir að einfalda flókið samspil manns og umhverfis með einföldun og ímyndasköpun og draga þannig úr möguleikum á sjálfsprottun uppgrötvunarferli. Seinni sýningin samanstendur af stórrí innsetningu eftir Ósk Vilhjámsdóttur í A-sal í Hafnarhúsi, þar sem hún tekur til umfjöllunar stöðu umhverfismála hér á landi og áhrif framkvæmda á íslenska náttúru. Á sama tíma verður alþjóðleg úttekt á aðkomu listamanna að umhverfismálum í öðrum sal Hafnarhúss.

Á Kjarvalsstöðum verður þróun íslenskrar listar á síðastliðinni hálfri öld viðfangsefni tveggja stórra sýninga. Á *Sýningu sýninganna, Ísland í Feneyjum í fimmtíu ár* verður þátttöku Íslands í Feneyjtvíæringinum gerð skil. Frá því að Ísland hóf þátttöku í þessari virtu listamessu árið 1960 hafa 22 íslenskir listamenn verið valdir til þátttöku, allt frá Ásmundi Sveinssyni, Kjarval og Þorvaldi Skúlasyni til Rúrí, Gabríelu og Ragnars Kjartanssonar. Ætlunin er að skoða hvernig íslensk list hefur verið kynnt erlendis og hvernig framsækin list hefur breyst á

þessum 50 árum. Á annarri stórri sýningu á Kjarvalsstöðum, *Ný list verður til*, mun íslensk listasaga vera skoðuð í ljósi þeirra breytinga sem urðu í myndlist, bókmenntum og leikhúsi á sjöunda áratugi síðustu aldar. Sýningunni er ætlað að draga saman þær fjölbreyttu tilraunir í listsköpun sem áttu sér stað á því tímabili sem fór í hönd þegar draga fór úr þeim sterku tókum sem abstraktlistin hafði á íslensku listalífi sjötta áratugarins. Þetta voru umbrotatímar og frjór jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir. Á sýningunni verður leitast við að gefa góða hugmynd um þau nýmæli sem voru þarna á ferðinni og líka að gefa áhorfendum tækifæri til að upplifa stemninguna í menningu og listsköpun ungs fólks á þessum tíma.



Tveir mikilsverðir erlendir listamenn verða kynntir á litlum sýningum á árinu. Á listahátíð munu teikningar eftir Tomi Ungerer verða sýndar í Norðursal Kjarvalsstaða, þar sem ávallt eru sýningar ætlaðar börnum og fjölskyldum en Ungerer er einkum þekktur fyrir myndskreyttar barnabækur sínar. Á sama tíma verða minna þekktar pólitískar, háðsádeilu- og erótískar teikningar Ungerers sýndar í Hafnarhúsi. Sýningin er unnin í samvinnu við Alliance Française og sendiráð Þjóðverja og Frakka á Íslandi en verkin koma frá Tomi Ungerer Museum - International Center of Illustration í Strasbourg, Þýskalandi. Um haustið verða svo grafísk verk eftir austuríska málarann og popplistamanninn Christian Ludwig Attersee sýnd í Hafnarhúsi. Verkin eru gjöf til safnsins frá austurískum gallerieigenda Ernst Hilger, sem hefur áður gefið safninu grafísk verk eftir Mel Ramos.

Fyrir utan sýningar verður mikil áhersla á rannsóknir og varðveislu á heimildum um safnkostinn og listræna starfssemi safnsins frá upphafi. Prentaðar



heimildir verða skannaðar, svo hægt verði að birta þær rafrænt á vefsíðu safnsins. Átaksverkefni í skráningu og ljósmyndun á listaverkum í eigu safnsins verður haldið áfram til að veita öllum greiðan vefaðgang að gagnagrunni safnsins og stuðla þannig að nýjum fræðsluáferðum í skólum og fjarvinnslu fræðimanna. Verkefnið verður unnið í samstarfi við erlend söfn sem hluti af Evrópuverkefninu Digitizing Contemporary Art sem fjármagnar verkið að hluta og mun birting gagnagrunnsins vera á vefgáttinni EUROPEANA.

Áframhaldandi áhersla verður einnig á eflingu samfélagsmiðlunar á sýningum og viðburðum og að fylgja eftir örum framförum í rafrænum kynningarleiðum. Einnig verður áhersla á að efla fræðslustarfssemi safnsins með markvissri dagskrárgerð. Meðal stórra fræðsluviðburða verður alþjóðlegt málþing í tengslum við sýninguna *Án*

áfangastaðar, þar sem fræðimenn munu fjalla um ferðalög og áfangastaði með áherslu á eðli upplifunar auk ábyrgðar og valds ferðaþjónustunnar og einstaklingsins til að hafa áhrif þar á.

Á Listasafni Reykjavíkur verður til tímabundinnar hagræðingar dregið úr viðhaldi útilistaverka og kaupum á listaverkum til safnsins. Þá er til skoðunar að taka aftur upp aðgangseyri eins og tíðkaðist 2007 og fyrr og um leið árskort fyrir Listasafn Reykjavíkur sem gildir í Hafnarhús, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn auk þátttöku í menningarkortinu sem getið er um í formála greinargerðar. Líkur eru á minni aðsókn á árinu eftir að aðgangseyrir hefur verið tekinn upp að nýju endurspeglast þetta í lykiltölum 2011.

Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Áætlun 2011
Gestafjöldi	192.128	219.306	235.000	140.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	8.310	11.553	11.200	10.000
Fjöldi viðburða	100	97	142	90
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	7	4	2
Útlán listaverka	630	559	580	550
Fjöldi útgáfuverka	24	24	11	12
Fjöldi listaverka í eigu safnsins	13.643	13.872	16.082	16.100
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	136	136	137	137

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2011

HAFNARHÚS

Til 29. ágúst	Erró – Klippimyndir: Sýningin veitir almenningi í fyrsta skipti tækifæri til að skoða um það bil 130 klippimyndir sem Erró hefur gefið safninu síðan 1989. Sýningarstjóri er Danielle Kvaran.
13. jan. - 13. mars	Erró – Assemblages. Þrívíð verk eftir Erró úr ‘Mecamasks’ seríunni og verk sem hann gerði fyrir kvikmyndina ‘Mecamorphose’ (1962). Sýningarstjóri: Danielle Kvaran.
20. jan. - 28. feb. 3. mars - 10. apríl 3. sept. - 15. okt. Til 8. jan.	D19-Hulda Rós Guðnadóttir; D20-Helgi Már Kristinsson; D21-Hildigunnur Birgisdóttir; D22-Björg Viggósdóttir. Sýningaröð í D-sal sem er ætlað að vekja athygli á efnilegum myndlistarmönnum sem hafa ekki sýnt í stærri söfnum landsins. Þeir vinna allir verk sín sérstaklega fyrir salinn. Sýningarstjóri: Fee Quay.
20. jan. - 10. apríl	Án áfangastaðar. Sýningin endurspeglar hugmyndir samtímalistamanna um ferðalög og áfangastaði í huglægum og landfræðilegum skilningi. Áhersla á verk sem sýna Ísland og ferðalög í nýju ljósi og spretta úr einstakri reynslu. Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson.
20. apríl - 8. maí	Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands. Útskriftarárgangur myndlistar- og hönnunardeilda Listaháskóla Íslands munu sýna verk.
21. maí - 21. ág.	Hugsandi list. Viðfangsefni sýningarinnar eru listaverk sem afhjúpa bresti í viðteknum skilgreiningum á list og hlutverki hennar, verk sem jafnframt kveikja heimspekilega umræðu og túlka má sem innlegg í hana. Sýningarstjórar (óstæðfestur listi): Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Gunnar Harðarson, Gunnar Arnason, Hafþór Yngvason, Hjálmar Sveinsson, Jón Proppé, Oddný Eir Ævarsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Ólafur Gíslason.
21. maí - 21. ág.	Tomi Ungerer. Á sýningunni verða pólitískar, erótískar og háðsádeilu-teikningar Ungerer í Hafnarhúsi og teikningar hans fyrir barnabækur í Norðursal Kjarvalsstaða. Verkin koma frá Tomi Ungerer Museum—International Center of Illustration í Strasbourg, Þýskalandi.
3. sept. - 15. okt.	Christian Ludwig Attersee. Grafísk verk eftir austuríska málarann og popplista-manninn Attersee. Verkin eru gjöf til safnsins frá Ernst Hilger.
3. sept. - 28. ág. 2012	Erró – teikningar 1948-2008. Verk af sýningunni “Erró-Dessins” í Musée d’art moderne í Saint-Étienne. Sýningarstjóri: Danielle Kvaran.
15. sept. - 13. nóv.	Ósk Vilhjálmssdóttir. Ósk tekur umhverfismál fyrir í sýningaröð sem leitast við að varpa ljósi á tengsl safnsins og almenningsrýmisins utan veggja þess.
15. sept. - 13. nóv.	Endurnýting/Endurskoðun. Yfirlit á verkum samtímalistamanna sem vinna með umhverfismál.
KJARVALSSTAÐIR	
5. feb. - 25. apríl	Sýning sýninganna, Ísland í Feneyjum í 50 ár. Frá því að Ísland hóf þátttöku í Feneyja-tvíæringinum árið 1960 hafa 22 íslenskir listamenn sýnt verk sín á þessari virtu listamessu. Sýningin skoðar hvernig myndlist hefur breyst á þessum 50 árum og hvernig íslensk list hefur verið kynnt erlendis. Sýningarstjóri: Laufey Helgadóttir.

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2011

KJARVALSSTAÐIR frh.

7. maí .- 29.ág..	Ljóðræn Abstraktlist. Sýningin er yfirlit á ljóðrænni abstraktlist á Íslandi, c. 1955-1970. Sýningarstjóri: Aðalsteinn Ingólfsson.
10. sept. - 8.nóv.	Ný list verður til. 7. áratugur síðustu aldar var tími mikilla umbreytinga og tilrauna í íslensku menningarlífi. Sýningin skoðar leitina að nýjum leiðum sem þá fór af stað í myndlist, bókmenntum og leikhúsi. Sýningarstjóri: Jón Proppé.
3. maí - út árið	Kjarval – Lykilverk. Sýning á lykilverkum Kjarvals úr safneign.
14. nóv. - út árið	Ódiseifskviða Daða Guðbjörnssonar. Listamaðurinn lýsir sýningunni sem “tilraun til að beisla ljósið og þann síkvika mátt sköpunarkraftsins sem birtist manni og hverfur manni úr greypum jafn harðan, einskona Ódiseifskviða málalistarinnar á 21 öldinni.”

ÁSMUNDARSAFN

Til 17. apríl	„Ég kys blómlegar konur . . .“ Konan sem tákni í list Ásmundar Sveinssonar. Verkin á sýningunni spanna allan feril Ásmundar og sýna allt frá fyrstu raunsæisverkum hans til íburðarmikilla framsetninga hans á kvenkynsverum. Sýningarstjóri: Fee Quay.
1. maí út árið	Sýning úr safneigninni þar sem leitast verður við að varpa nýju ljósi á feril Ásmundar í ljósi nýljósmýndaðra teikninga hans.

Birt með fyrirvara um breytingar.



Listilega einfalt!



Öll söfnin
Verð: 5.000 kr.



Listasafn Reykjavíkur
Verð: 3.000 kr.



Minjasafn Reykjavíkur
Verð: 3.000 kr.

Nýjung á söfnum Reykjavíkurborgar

Menningarkort Reykjavíkur er bráðsnjöll nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar. Menningarkortið veitir aðgang í heilt ár að fimm söfnum og auk þess ýmis fríðindi í verslunum og á veitingastöðum safnanna. Hægt er að velja milli þriggja ólíkra korta, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Nýttu þér kynningarafslátt í febrúar, en þá fást tvö Menningarkort á verði eins.

Allar nánari upplýsingar á menningarkort.is



Menningarkort
Reykjavíkur






Leiðarljós

Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og vekir áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur





LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography



Ljósmyndasafn Reykjavíkur er til húsa í Grófarhúsi Tryggvagötu 15.

Hlutverk

Ljósmyndasafn Reykjavíkur skal varðveita ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggjur með þeim hætti að borgarþátttakendur og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að ljósmyndum í eigu safnsins. Safninu er jafnframt ætlað að byggja upp og varðveita safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla myndasafna sem endurspeglar sem best íslenskan ljósmyndaarf, sem og myndefnis sem tengist Reykjavík.

Meginmarkmið

- Ljósmyndasafn Reykjavíkur sé öllum aðgengilegt.
- Safnið gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt.
- Skipulag og stjórnun starfseminnar sé skýrt.
- Starfsemin einkennist af þrótti og metnaði.
- Ljósmyndir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna.
- Að tryggja örugga varðveislu safnkosts.

HELSTU VERKEFNI 2011

Sýningar

Í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá því að Ljósmyndasafn Reykjavíkur var stofnað, verður í byrjun árs farið af stað með sýningarkeðju með myndum eftir einn stofnanda Ljósmyndasafnsins, Leif Þorsteinsson ljósmyndara. Útbúið verður sérstakt rými í fremsta hluta sýningarsalarins fyrir sýningarkeðjuna þar sem hvert þema verður sýnt í tvo mánuði. Samhliða þessu verður farið af stað með dagskrá í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara, sem ber heitið: Kaffispjall ljósmyndara. Ný sýningarröð hefst í Skotinu eftir unga ljósmyndara sem eru að hasla sér völl í faginu, eða hafa nýlukið námi.

Í aðalsýningarrýminu; sýningarsalnum verður í byrjun árs opnuð sýning á myndum eftir mjög athyglisverðan samtímaljósmyndara, Orra Jónsson, tileinkuð íslenskum eyðibýlum. Um sumarið verður

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -10.540

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 27.480

Innri leiga 8.754

Annar rekstrar-
kostnaður 11.778

Rekstrarniðurstaða 37.472

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 5

Fjöldi stöðugilda 5



www.ljosmyndasafnreykjavikur.is



sýning á myndum eftir Karl Christian Nielsen (1895-1951) ljósmyndara og verkamann í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar. Karl var fátækur fjölskyldumaður og bjó alla sína tíð í þröngu leiguhúsnæði. Þrátt fyrir þessar samfélagslegu skorður tókst honum að skapa sér sérstöðu meðal samborgaranna með myndavélinni. Þar af leiðandi hefur varðveist heildstætt safn mynda sem sýnir hversdagslíf alþýðufólks í Reykjavík á þessum tíma.

Um haustið verður sýning á myndum eftir franska ljósmyndarann Marc Ribaud (f. 1923). Hann er með þekktari fréttaljósmyndurum okkar tíma og hefur tekið eftirminnilegar fréttamyndir frá mörgum löndum sem hafa birst í helstu dagblöðum og tímaritum, s.s. Life, National Geographic. Sýningin er í samstarfi við Alliance Francaise og Franska sendiráðið.

Fræðsla

Stefnt er á að opna fræðslunet fyrir grunn- og leikskóla þar sem veittur verður ókeypis aðgangur að ljósmyndum í eigu safnsins til nota í kennslu í skólum borgarinnar.

Ljósmyndasafnið verður í samstarfi við tvo erlenda ljósmyndaskóla á árinu, Rochester Institute of Technology í Bandaríkjunum sem mun í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara halda fyrirlestra fyrir nemendur í ljósmyndanámi. David W. Lewis sem heldur námskeið í gamalli tækni, brómólíutækni á vegum bromoil.com.

Áfram verður unnið að því að koma íslenskum samtímaljósmyndurum á framfæri erlendis, s.s í tengslum við Bókamessuna í Frankfurt 2011, Backlight ljósmyndahátíðina í Finnlandi og norræna samsýningu sem haldin verður í Scandinavia House í New York 2012.

Safnfræðslu Ljósmyndasafnsins verður tvinnuð saman við bókakoffortin sem Borgarbókasafn lánar á Leikskóla Reykjavíkur. Nú mun lítil ljósmynda-sýning fylgja með í farandbókasafninu í leikskólana, og börnin heimsækja bæði Borgarbókasafnið og Ljósmyndasafnið í kjölfarið.



Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Áætlun 2011
Gestafjöldi	33.089	31.414	31.000	33.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	648	719	600	800
Fjöldi viðburða	14	19	22	22
Fjöldi afgreiddra mynda	2.374	2.300	1.800	2.200
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	8	7	8
Fjöldi innlita á heimasíðu	26.400	18.836	18.000	18.000

Sýningaáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2011**Sýningarsalur**

22.1.-8.5.	Orrí Jónsson
14.5-28.8.	Karl Christian Nielsen
3.9.-1. 1	Marc Ribaud

Fremra rými

22. 1.-31.12	Leifur Þorsteinsson -yfirlit
--------------	------------------------------

Í Skotinu

6. 1.-2. 3.	Karl L. Lillendahl
3.3.-27.4	Valdís Thor
28.4-22.6.	Þórir Ingvason
23.6.-17.8.	Charlotta M. Hauksdóttir
18.8.-7.9.	Hjalti Sigfússon
08.09.-02.11.	Lilja Birgisdóttir
3.12.-	Ingvar Högni Ragnarsson

Annað:

Leiðsagnir um sýningarnar, Safnanótt, kvöldgöngur í hverfum, Sígildar ljósmyndunaraðferðir-
ljósmyndanámskeið fyrir börn, Bromoil – ljósmyndasmiðja Ljósmyndasafns Reykjavíkur og myndataka á
Menningarnótt.

Birt með fyrirvara um breytingar.




LJÓSMYNDASÝNINGAR ÁRIÐ UM KRING
EXHIBITIONS ALL YEAR ROUND

30
**LJÓSMYNDASAFN**
REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

1981-2011

AÐGANGUR ÓKEYPIS
ADMISSION FREE



Leiðarljós

Gerðuberg eflist sem alhliða menningarmiðstöð með fjölbreyttri og metnaðarfullri menningarstarfsemi og sé griðastaður góðra hugmynda og nýsköpunar.



Mennin garmiðstöðin Gerðuberg



Menningarmiðstöðin Gerðuberg



Hlutverk

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er alhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.

Meginmarkmið

- Að starfsemi Gerðubergs einkennist af fagmennsku og metnaði.
- Að sinna frjóu samstarfi við einstaklinga, listamenn, félög eða samtök, innlendir og erlendir menningarstofnanir, fræðslu- og skólayfirvöld.
- Að mæta þörfum ólíkra hópa þjóðfélagsins óháð aldri og uppruna.
- Að leggja rækt við listrænt og skapandi starf með og fyrir börn og vekja athygli á árangri þeirrar starfsemi m.a. með auknu sýningarhaldi á myndverkasafni úr listsmiðjunum Gagn og gaman.
- Að sinna samstarfsverkefnum á sviði fjölmenningar sem auka viðsýni og skilning í litríku menningarsamfélagi borgarinnar.
- Að hlúa að og miðla alþýðumenningu með sýningarhaldi og viðburðum í samstarfi við einstaklinga og félög.
- Að leggja áherslu á fræðslu og leiðsögn í tengslum við viðburði og sýningar.
- Að standa að útgáfu á þingum rithöfunda, myndlistarmanna og annarra listamanna sem haldin eru að jafnaði ár hvert og eru heimildir um líf og listferil viðkomandi samtímalistamanna.

HELSTU VERKEFNI 2011

Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi verða sýningar og viðburðir fyrir börn áberandi, boðið upp á leiðsagnir fyrir skólakópum, skapandi smíðjur og námskeið í frásagnarteikningu. Af sýningarhaldi má nefna tréskúlpúta Aðalheiðar Eysteinsdóttur þar sem gestum verður boðið á íslenskt Þorrablót, ljósmyndasýningu í samstarfi við Sputnik Photos í Póllandi með samstarfi pólskra ljósmyndara og íslenskra rithöfunda og blaðamanna, sýningu á grafíkverkum Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur og sýningu í samstarfi við Handverk og hönnun. Þá verða jazztónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og Agnars

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -5.584

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 40.438

Innri leiga 20.875

Annar rekstrar-
kostnaður 17.444

Rekstrarniðurstaða 73.173

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 9

Fjöldi stöðugilda 7,4



www.gerduberg.is



Más Magnússonar auk jazzsöngsmiðju fyrir klassískt menntaða söngvara.

Vigdís Grímsdóttir mun sitja fyrir svörum um líf sitt og rithöfundarferil á Ritþingi. Boðið verður upp á bókmenntanámskeið í tengslum við þingið. Í byrjun árs mun árangur af átaksverkefni birtast í útgáfu á rit og sjónþingum síðustu ára. Gefin verða út þing eftirfarandi listamanna og rithöfunda: Arnaldur Indriðason, Einar Kárason, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kogga, Reynir Vilhjálmsson, Rúrí, Sigrún Eldjárn, Thor Vilhjálmsson, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórdís Zoëga. Þingin verða ýmist gefin út á prenti eða í rafrænni útgáfu. Unnið verður að því að kynna og markaðssetja þingin sem eru einstök heimild um samtímalistir- og menningu.



Lögð verður áhersla á áframhaldandi fjölmenningslegt samstarf við Fjölbraut í Breiðholti, Samtök

kvenna af erlendum uppruna og Móðurmál, félag um móðurmálskennslu tvítýngdra barna. Jafnframt verður leitað eftir samstarfi við ýmis þjóðarfélög í tengslum við skipulagningu ýmissa viðburða.

Lögð verður áhersla á að bæta enn frekar innra starf Gerðubergs með því að rýna í verkaskiptingu, verkferla sem og leggja áherslu á góð félagsleg samskipti í starfsmannahópnum. Einnig verður lögð áhersla á að starfsmenn fylgist vel með því sem er að gerast í menningarlífinu, með almennri þátttöku og þekkingarheimsóknum.

Verið er að skoða möguleg tækifæri sem felast í skipulagsbreytingum og samrekstri í kjölfar vinnuhóps um *Bergin í Breiðholti*. Niðurstaða hans var sú að vinna skuli að stóru auknu samstarfi og samþættingu í rekstri Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, Frístunda-miðstöðvarinnar Miðbergs, Gerðubergs-safns, Félagsstarfsins í Gerðubergi og Námsflokka Reykjavíkur. Markmiðið er að auka flæðið á milli þessara eininga þannig að gestir húsanna og íbúar hverfisins upplifi starfsemina sem eina samhangandi heild sem ætlað er að sinna fólki á öllum aldri. Jafnframt að fundnar verði leiðir til að styðja við félagasamtök og sjálfsprottna hópa í hverfinu með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir fundi og aðrar uppákomur eftir ákveðnu fyrirkomulagi og með möguleikum á samstarfi af ýmsu tagi. Tillögurnar verða skoðaðar í samhengi við aðrar tillögur eða breytingar á stjórnkerfi og skipulagi á þjónustu Reykjavíkurborgar.

Lykiltölur


	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Áætlun 2011
Gestafjöldi	92.556	111.186	110.000	100.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.800	1.450	3.800	3.700
Fjöldi viðburða	35	51	83	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	4	0	1
Samstarfsaðilar	54	28	42	35

Viðburðardagatal Gerðubergs 2011

Okt 2010 - mars 2011	Ormurinn ógnarlangi. Söguheimur norrænnar goðafræði. - Leiðsagnir fyrir skóláhópa. - Smiðjur fyrir börn. - Námskeið í frásagnarteikningu fyrir 10-12 ára.
Jan - mars	Þetta vilja börnin sjá! Myndskreytingar í barnabókum 2010. (Farandsýning). Afhending Dimmalimm verðlaunanna fyrir bestu myndskreyttu barnabókina 2010.
Janúar	Barnabókaráðstefna í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, Félag fagfólks á skólasöfnum, IBBY á Íslandi, Síung og Skólasafnamiðstöð og Upplýsinga. Afhending barnabókaverðlaunanna Sögusteinninn sem IBBY á Íslandi veitir.
Jan - maí Okt - des	Kvæðamannfélagið Iðunn: Kvæðalagaæfingar og félagsfundir.
Jan - maí Sept - des	Handverkskaffi – fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar. Nýtt þema í hvert sinn.
Jan - mars	H2O. Páll Jökull Pétursson sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.
Feb - mars - apr	Sungið og kveðið söngstundir í kaffihúsinu. Umsjón: Bára Grímsdóttir og Chris Foster.
Febrúar	Heimsdagur barna. Listsmiðjur af ýmsum toga fyrir börn á öllum aldri. Í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg og Gerðubergssafn. Klassík í hádeginu. Hefurðu heyrt í rússneskri flautu? Flytjendur: Áshildur Haraldsdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir.
Mars	Kanntu að búa til öskupoka og bolluvönd? Öskudagssmiðja fyrir alla fjölskylduna. Í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Öskudagsgleði. Hljómsveit og skemmtiatriði. Í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg. Ása Ketilsdóttir, sagnakona. Dagskrá í tengslum við útgáfu á geisladisknum. Vappaðu með mér Vala. Í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar. Guðbjörg Ringsted sýnir málverk í kaffihúsinu þar sem hún sækir innblástur í íslenskt handverk og útsaum. Klassík í hádeginu. Engilsaxneskir riddarar og rósir. Flytjendur: Hallfríður Ólafsdóttir, Ármann Helgason, Eydís Franzdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir.
Mars - maí	Icelandic Tales – Ljósmyndasýning. Í samstarfi við Sputnik Photos í Póllandi og Listasafn Árnesinga.
Mars - júní	Þorablót (vinnutíll) – Aðalheiður Eysteinsdóttir sýnir tréskúlpúra. - Listsmiðja fyrir börn. - Leiðsagnir um sýninguna.
Apríl	Lög unga fólksins – Tónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og Agnars Más Magnússonar.

Viðburðardagatal Gerðubergs 2011 frh.	
Apríl	Masterclass í jazzsöng fyrir klassískt menntaða söngvara. Umsjón: Kristjana Stefánsdóttir og Agnar Már Magnússon. Kannstu að dansa salsa? Ball þar sem boðið er upp á leiðsögn fyrir gesti. Klassík í hádeginu. Voru Mozart og Beethoven vinir? Flytjendur: Þóra Einarsdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir.
Mái - sept	Kaffihús – sýning.
Sept - okt	Sýning í samstarfi við Handverk og hönnun. Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sýnir grafikverk í kaffihúsi.
Sept - sep 2012	Safnarahorn – ný sýning. Sýningarstjóri: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.
September	Kannstu að dansa færeyska þjóðdansa? Ball þar sem boðið er upp á leiðsögn fyrir gesti.
Nóv - jan	Magdalena Margrét Kjartansdóttir sýnir grafikverk.
Nóv - jan	Sýning – efri hæð.
Október	Jazz og blús í kaffihúsinu – Ungir og upprennandi tónlistarmenn spreyta sig. Stefnumót við Vigdís Grímsdóttur. Ritþing og bókmenntanámskeið. Krummi krunkar úti. Dagskrá þar sem leikskólabörnum er kennt að kveða og syngja íslensk alþýðulög. Umsjón: Bára Grímsdóttir og Chris Foster
Nóvember	Kannstu að dansa skoska þjóðdansa? Ball þar sem boðið er upp á leiðsögn fyrir gesti. Jazz og blús í kaffihúsinu – Ungir og upprennandi tónlistarmenn spreyta sig. Kellingabækur. Konur kynna ritverk sín. Í samstarfi við Góugleði- og Fjöruverðlaunahópinn.

*Allir viðburðir Kvædamannafélagsins Íðunnar eru opnir almenningi. Birt með fyrirvara um breytingar.



Landnámsýningin
The Settlement
Exhibition

Þremur er landnámið
finssett? How is the settlement
dated?

Er þetta elsta mannvirki
á Íslandi? The oldest man-made
structure in Iceland?



Part of a stone wall and
a wooden fence were found
at the site. The stone wall
was built in the 9th century
and the wooden fence was
built in the 10th century.
The 'Settlement Layer' is a layer of ash
deposited in 871 AD. It was
found in the 1930s and
is now on display in the
Museum of Natural History
in Reykjavik.

Þetta er hluti af lágum turftvegg sem er elsta mannvirki
sem fundast hefur í Reykjavík. Veggurinn var bældur
áður en landnámslagið féll árið 871 (±2 á) og var
líklega hringarður eða gorch.
Here we see part of a low turf wall, the oldest man-
made structure found in Reykjavik. The wall was built
before the Settlement Layer of tephra was deposited in
871 (±2 years). It probably enclosed a grassfield or animal pen.

Þetta er hluti af gólum frá víkingaöld. Hóndun Gríptageta fundast einnig hefur
hér. Þetta varð á sínu dyggríðu. Á gólinu að stjarna
hæfur þetta verið vörðuhús, hugzanlega stóll íttur
þetta sem ári 1930.
A small section of floor from a Viking-age building was
also found here. On the other side of Gríptageta traces
floor indicates that it was a dwelling, possibly a hall
like the one which stood here.

Leiðarljós

Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu borgarinnar og lífsskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar.

Minjasafn Reykjavíkur



Garðvegur
Þessi vegur sem byggður var árið 930, er eini sýningin á þessum staði. Hann hefur á undan 25 þúsund ára gamla.

Annar húsi.
Gálfurá hafa verið reistar árið 930. Engin annar fundur er sýndur þessu staði.

Undirstöður
Undirstöður hafa fundin árið 12. Síð eru gættar eftir í veggjum.

Boundary wall
These two small fragments of a wall were built before the "main" wall was built in 930. This is one of the oldest man-made structures yet found in Iceland.

Another house
A small fragment of a wall and possible floor beams around the same time as the main wall.

Foundations
The foundations of an 12th century building which had been dug through the remains of the wall.



Hlutverk

Að stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Sýningar safnsins eru í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni Reykjavík 871±2.

Meginmarkmið

- Að rannsaka sögu og þróun Reykjavíkur út frá minjum: fornleifum, byggingum og lausum gripum.
- Að miðla þekkingu um sögu borgarinnar með sýningum, fræðslustarfi og útgáfu.
- Að standa vörð um menningarminjar í Reykjavík, halda skrár yfir þær; munaskrá, fornleifaskrá og húsaskrá.
- Að standa að samtímasöfnun sem varpar ljósi á daglegt líf í borginni á tuttugustu öld.
- Að efla miðlun sem byggir á rannsóknum og aukinni notkun nýmiðla.

HELSTU VERKEFNI 2011

Megináhersla í starfi safnsins á árinu verður á innra starf; varðveislu, skráningu og rannsóknum. Með þátttöku í tveimur verkefnum á sviði samtímasöfnunar er leitast við að þróa nýjar aðferðir við söfnun og miðlun og stuðla þannig að aukinni þekkingu á sögu og menningu síðari áratuga. Safnið sinnir rannsóknum á menningarsögulegum minjum í borginni og áhersla verður á að bæta miðlun um minjar í borginni á vef safnsins og í Borgarvefsjá.

Árbæjasafn

Þar sem fjárveiting til viðhalds og endursmiði safnhúsa verður mun lægri en undanfarin ár verður einungis unnið að brýnustu viðhaldsverkefnum. Hafin verður viðgerð á Gullbornum og unnið að endurgerð Ívarssels eins og fjárveitingar leyfa. Framhaldi á endurgerð Smiðshúss verður frestað. Unnið verður að gerð sögulegra garða við safnhúsin, á grundvelli hugmynda sem unnar

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -34.095

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 96.615

Innri leiga 61.712

Annar rekstrar-kostnaður 55.791

Rekstrarniðurstaða 180.023

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 36

Fjöldi stöðugilda 17,2





voru í átaksverkefni árið 2009. Deiliskipulag Árbæjarsafns er í endurskoðun og er stefnt að því að leggja fram tillögu á fyrri hluta árs. Safnið tekur þátt í verkefni um varðveislu húsa í útisöfnum sem norræn útisöfn hlutu styrk til úr Norræna menningarsjóðnum. Stefnt er að því að ljúka því á árinu með námskeiði fyrir starfsmenn útisafna og aðra sem vinna að varðveislu húsa í söfnum.

Miðlun

Nokkrar smærri sýningar verða opnaðar í Árbæjarsafni í vor. Má þar nefna tvær sýningar í húsinu Suðurgötu 7; sýningu á barnafötum í eigu safnsins og sýningu um myntsöfnun. Í skemmumni frá Garðastræti verður gerð sýning um vagnsmíði í Reykjavík. Þá verður opnuð sýning um hina ítarlegu byggingasögulegu rannsókn sem liggur til grundvallar endurgerð Smiðshúss. Áfram verður unnið að gerð nýrrar leiðsögubókar og hljóðleiðsagnar um Árbæjarsafn. Á árinu hefst undirbúningsvinna fyrir nýja grunnsýningu í Lækjargötu 4, sem kemur í stað sýningar sem var opnuð árið 2000.

Í tilefni þess að liðin verða 300 ár frá fæðingu Skúla Magnússonar landfögeta verður sett upp sýning um *Innréttingarnar og upphaf þéttbýlis í Reykjavík* í forsal Landnámsýningarinnar. Einnig verður gerð sýning um *Skúla Magnússon* í Viðeyjarstofu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Viðey og er háð því að styrkur fái til verkefnisins, en sótt hefur verið um styrk til Þjóðhátíðarsjóðs og Safnasjóðs.

Minjasafnið tekur þátt í samstarfi íslenskra safna um samtímasöfnun um *Leiki barna*. Verkefninu lýkur með farandsýningu sem opnuð verður sumardaginn fyrsta 2011 í Þjóðminjasafninu, fer síðan hringferð um landið og lýkur í Árbæjarsafni sumarið 2012.

Á vormisseri verður efnt til fyrirlestraraðar í Aðalstræti 16 um konur í Reykjavík á 19. öld. Áfram verður unnið að fjölbreyttri safnfræðslu með aukinni áherslu á verkefni fyrir elstu bekki grunnskólans og framhaldsskóla og má þar nefna: *Blessað stríðið*, sem fjallar um hernámsárin, og fræðslu um þjóðbúninga íslenskra kvenna. Viðburðir verða sem fyrr á sumardagskrá í Árbæjarsafni. Minjasafnið mun taka þátt í gönguferðum um Kvosina, safnanótt

og menningarnótt eins og undanfarin ár. *Vefur* safnsins var uppfærður á árinu 2010 og er markmiðið að auka þar við upplýsingar um minjar í Reykjavík árið 2011.

Húsverndarstofa er rekin í Kornhúsi í Árbæjarsafni í samstarfi við Húsafríðunarnefnd og Iðuna – fræðslusetur. Þar er í boði ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa og nú er fyrirhugað er efna til fræðsluerinda um húsvernd fyrir almenning.



Varðveisla

Safnið tekur þátt í þróun á Sarpí – menningarsögulegum gagnagrunni í samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur minjasöfn og er áformað að ný útgáfa verði tekin í notkun í ársbyrjun. Í Sarp verður safnað á einn stað upplýsingum um safngripi, hús og fornleifar og verður hann grunnur að þekkingarsköpun og gefur aukna möguleika á rafrænni miðlun, því með honum verður aðgangur almennings um vefinn mögulegur. Eitt helsta verkefnið verður fólgið í því að flytja skrár safnsins yfir fornleifar, hús og safngripi í nýja Sarp og yfirfara skrár.



Nú eru aðeins um 30% safngripa skráð í Sarp en markmiðið er að allur safnkosturinn verði kominn í Sarp fyrir 2013. Átak í skráningu hefur staðið yfir undanfarnin ár og hafa háskólanemar unnið í tímavinnu við að flytja gögn í Sarp en hægja þarf á því verkefni þar sem dregið verður verulega úr aðkeyptri vinnu. Sótt hefur verið um styrk í Safnasjóð til þessa verkefnis.

Brauð í norðri er norrænt rannsóknarverkefni, sem unnið er með styrk úr Norræna menningarsjóðnum og hófst á árinu 2008 og lýkur sumarið 2011. Markmið verkefnisins er að auka tengsl norrænna minjasafna, stuðla að nýjungum á sviði samtímasöfnunar og þróa nýjar aðferðir við miðlun á rafrænan hátt. Niðurstöður verða kynntar á sérstakri heimasíðu sem tengd verður vef safnsins.

Söfnun og skráning skátaminja verður hafin í samvinnu við minjanefnd skáta og er stefnt að sýningu um sögu skátahreyfingarinnar árið 2012. Forvörslu verður frestað árið 2011 svo og endurbótum á málverkageymslu.

Minjavarsla

Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Samstarf við landupplýsingarkerfi borgarinnar, LUKR, bætir aðgang almennings að þekkingu um sögu borgarinnar og leiðir til vandaðri stjórnsýslu.

Fornleifaskráning fer fram vegna endurskoðunar deiliskipulags Árbæjarsafns og verða skráðar minjar í landi hins gamla býlis Árbæjar. Þá verður skráning fornleifa í miðbænum yfirfarin og lokið við skráningu og birtingu skýrslna um fornleifar í landi jarðanna Mógilsár og Breiðholts.

Í áratugi hefur safnið unnið að gerð húsakannana í tengslum við gerð deiliskipulags í eldri hverfum borgarinnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Frá árinu 2004 hefur Skipulags- og byggingarsvið greitt fyrir þá vinnu en þar sem ekki er áformað að vinna deiliskipulag á árinu fellur það framlag niður. Áfram verður þó unnið að byggingarsögulegum rannsóknum í safninu, meðal annars vegna miðlunar á vef og undirbúnings að nýrri grunnsýningu. Byrjað verður á nýju verkefni þar sem unnið verður úr rannsóknum um fornleifar og hús í Reykjavík og undirbúin gerð gagnvirkra sögukorta yfir hverfi Reykjavíkur sem birt verða á vefnum sem eins konar „Borgarkrónika“. Unnið verður með Skipulags- og byggingarsviði að endurskoðun húsverndarstefnu Reykjavíkur sem hluta af endurskoðun aðalskipulags.

Kirkjur Íslands er ritröð sem Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa og Þjóðminjasafnið standa að. Starfsmenn safnsins rita kafla um kirkjugripi í sjö friðuðum kirkjum í Reykjavíkúrprófastsdæmi og er áformað ritið komi út sumarið 2011.



Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útlk.spá 2010	Áætlun 2011
Gestafjöldi	64.800	71.974	73.429	70.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.565	12.632	12.533	12.420
Fjöldi viðburða	50	50	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	3	2	2
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	10	7	5	4
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	1.970	2.150	2.250	2.350
Fjöldi skráðra húsa í húsakönnunum (ný)	181	418	285	50
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp á árinu	5.500	6.200	9.000	5.000

Viðburðadagatal Minjasafns 2011

Janúar – Apríl	Fyrirlestraröð um konur í Reykjavík á 19. öld í Landnámssýningu
Febrúar	Safnanótt. Viðburðir í Árbæjarsafni og Landnámssýningu.
Júní - ágúst	Sumardagskrá í Árbæjarsafni.
	Sunnudagsviðburðir.
	Sérsýningar í Suðurgötu, Garðastræti og Smiðshúsi (Hansenshúsi).
	Sýning um Skúla Magnússon og Innréttingarnar í Landnámssýningunni.
	Listmunahornið. Sýningar á listhandverki.
	Örnámskeið fyrir fjölskyldur.
	Menningarótt. Viðburður í miðbænum.
Nóvember	Jólasýning í Árbæjarsafni opnuð fyrir skólanema.
Desember	Jólasýning í Árbæjarsafni.

Birt með fyrirvara um breytingar.



Leiðarljós

Viðey eflist sem menningarstofnun og áfangastaður sem leggur áherslu á fræðslu um menningu, sögu og náttúru eyjunnar. Viðey verði einn af eftirsóknarverðustu áfangastöðum borgarlandsins, en þar eru merk hús, minjar og listaverk í náttúrlegu umhverfi.



Vidēy

Viðey



Meginmarkmið

- Að Viðey eflist sem ákjósanlegur áfangastaður fjölskyldna og ferðamanna, innlendra og erlendra.
- Að saga Viðeyjar og menningarverðmæti verði aðgengileg gestum á skemmtilegan hátt.
- Metnaðarfull og fræðandi dagskrá prýdd nýjungum sé í boði fyrir gesti Viðeyjar.

HELSTU VERKEFNI 2011

Áfram verður unnið markvisst að því að kynna Viðey sem áfangastað allra sem yndi hafa af íslenskri náttúru, menningu og sögu. Jafnframt verður lögð áhersla á að gestir Viðeyjar á öllum aldri finni afþreyingu við hæfi þegar eyjan er heimsótt.

Stefnt er að því að fara í samningskaup með bæði veitingarekstur í Viðeyjarstofu og ferjusamgöngur til og frá Viðey á árinu. Hvalaskoðun - Elding hefur verið með samninginn frá miðju ári 2007, en sá samningur var gerður til þriggja ára og hefur verið framlengdur einu sinni um eitt ár skv. ákvæðum samnings.

Þriðjudagsleiðsagnirnar njóta sífellt vaxandi vinsælda, bæði þær sem farnar eru ár hvert og ekki síður nýjar leiðsagnir ss. jógaganga, lygasöguganga og stafgöngukennsla. Áfram verður boðið upp á slíkar göngur, sígildar og nýstárlegar.

Viðey er formlega orðin einn af hlaupastöðum Kvennahlaups ÍSÍ í Reykjavík. Í ár verður bætt við hlaupaleið og munu konur geta valið milli 3 og 10 kílómetra leiða.

Listaverkin í Viðey skipa stóran sess í allri kynningu og umfjöllun um eyna. Friðarsúlan og Viðey verða áfram þungamiðja verkefnisins Imagine Reykjavík, sem hleypt var af stökkunum haustið 2010 og stefnt er að því að bjóða Friðardagskrá í Viðeyjarstofu með líku sniði og áður. Friðarsúlusiglingar eru hvert kvöld frá 9. október til 8. desember ef styrkveitingar fást.

Á vormánuðum verður lokið við uppsetningu sýningar í kjallara Viðeyjarstofu um sögu hússins og ábúenda þess.

Fjármál

Frumvarp 2011 (þkr)

Tekjur

Rekstrartekjur -3.632

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 7.412

Innri leiga 21.456

Annar rekstrar-
kostnaður 32.951

Rekstrarniðurstaða 58.187

Starfsmannafjöldi 2011

Heildarfjöldi starfsmanna 2

Fjöldi stöðugilda 1,3



www.videy.com



Eins verður þess minnst, í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur, að í desember verða liðin 300 ár frá fæðingu Skúla Magnússonar.

Unnið er að því að ná samkomulagi um að reiðnámskeið í Viðey verði hluti af sumarstarfi ÍTR. Hjá Laxnes hestaleigu er vilji til að leggja út í fjárfestingar til að verkefnið geti orðið að veruleika. Jafnframt er stefnt að því að hægt verði að bjóða leiðsögn um Viðey á hestbaki.

Hljóðleiðsögn verður tilbúin til notkunar fyrir gesti Viðeyjar í vor sem mun gera áhugasömum kleift að hlæða niður fræðandi leiðsögn um Viðey og hlýða á þegar gengið er um eyna.

SEEDS sjálfbodaðliðasamtökin koma á hverju ári til Viðeyjar, og verður því samstarfi framhaldið. Að þessu sinni kemur einn hópur í heimsókn að vori og mun sinna stórum verkefnum, ss. fjöruhreinsun og sáningu og plöntun matjurta.

Áfram verður unnið að endurnýjun fræðslu- og upplýsingaskilta og munu hinar nýju

menningarmerkingar borgarinnar leysa eldri skilti af hólmi.

Nýtt fræðsluefni um Friðarsúluna og Áfanga verður útbúið í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og verður það sent í ákveðnar deildir grunnskólanna þegar kennsla hefst í ágúst. Efninu verður svo fylgt eftir með það að augnamiði að unnt sé að taka á mótí sömu deildum í Friðarsúlusiglingum haustið 2011.

Jafnframt er hafin leit að samstarfsaðilum, nemendum í sagnfræði og kennslufræði, til að útbúa kennsluefni fyrir grunnskólanemendur sem heimsækja Viðey að vorlagi. Sótt verður um styrk til Nýsköpunarsjóðs og munu nemarnir, í samstarfi við Viðey og Minjasafn Reykjavíkur, semja kennsluefni um Viðey, sögu hennar og sérstöðu í Reykjavík.

Í samvinnu við rekstraraðila verður áfram unnið að því að gera Viðey að „grænum áfangastað“. Áframhaldandi og aukin flokkun og skilun úrgangs og val á vistvænum eignum þar sem þess er kostur skilar sér jafnt í hreinni náttúru og minni kostnaði við förgun úrgangs.





Lykiltölur

	Raun 2008	Raun 2009	Útk.spá 2010	Áætlun 2011
Gestafjöldi	19.168	20.117	23.500	25.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.006	940	2.000	2.200
Fjöldi viðburða	24	25	27	19
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	1	1	1

Viðburðadagatal Viðeyjar 2011

Mars	Friðarsúla Yoko Ono lýsir upp himininn í eina viku á vorjafndægri.
Júní	Á Hátíð hafsins sækja sífellt fleiri Viðey heim. Kvennahlaup ÍSÍ verður hlaupið annað sinn. Jónsmessutónleikar við Viðeyjarstofu á björtu sumarkvöldi.
Júní - ágúst	Þriðjudagsgöngur eru af ýmsum toga allt sumarið og þemu þeirra í stöðugri endurnýjun Í samvinnu við Laxnes hestaleiguna verður boðið upp á reiðnámskeið fyrir born.
Ágúst	Töðugjöld.
Október	Tendrun Friðarsúlunnar. Sérstakar Friðarsúlusiglingar hvert kvöld til 8. desember Friðardagskrá í Viðeyjarstofu þar sem tónlistarmenn og leikarar skemmta gestum í anda friðar og kærleiksboðskapar.
Desember	Friðarstund á aðventu í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

Birt með fyrirvara um breytingar.



Helstu verkefni 2010

Helstu verkefni 2010



Yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs á árinu 2010 var *Mannrækt – Orka - Fagmennska* með tilvísun í þrjú megingildi sem Menningar og ferðamálasvið setti sér til að hafa að leiðarljósi og voru dregin úr gildandi stefnum sviðsins í menningar- og ferðamálum. Gert hafði verið ráð fyrir að rekstur og starfsemi sviðsins myndi litast verulega af hagræðingu í rekstri borgarsjóðs árið 2010 og áframhaldandi samdrætti í sértekjum stofnana sviðsins. En við þessu var brugðist með margvíslegum aðgerðum, staðinn vörður um kjarnastarfsemi stofnana sviðsins og haldið áfram að styðja og starfa með sjálfstæðum framkvæmdaaðilum í menningarmálum. Í ljós hefur komið að bæði framboð og eftirspurn jókst enn á árinu jafnt hjá stofnunum sviðsins sem samstarfsaðilum þess á menningarakrinum. Eldgos í Eyjafjallajökli var gífurlegt áfall fyrir á ferðamenskuna jafnt á Íslandi sem út um Evrópu. Trúlega má þakka sameiginlegu átaki í ferðaþjónustu, *Inspired by Iceland*, að það tókst að snúa vörn í nýja sókn.

Skrifstofa sviðs og verkefni á vegum ráðs

- **Stefnumótun:** Nýja menningarstefnan Menning er mannrækt gekk eins og rauður þráður gegnum alla starfsemi sviðsins. Endurskoðun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar hófst og unnið var að viðtæku samráði við greinina.
- **Viðurkenningar:** Leikkonan *Kristbjörg Kjeld* var valinn borgarlistamaður Reykjavíkur 2010. Kallað var eftir ábendingum almennings um borgarlistamann í fyrsta sinn. *Þórdís Gísladóttir* hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2010 fyrir ljóðahandritið Leyndarmál annarra og *Stórsveit Reykjavíkur* var valinn Tónlistarhópur Reykjavíkur 2010.
- Viðamikil umsókn um að fá titilinn Bókmenntaborg UNESCO var unnin á skrifstofu sviðsins með aðstoð fjölskipaðs stýrihóps og Borgarbókasafns, þar sem Reykjavík var kortlögð sem bókmenntaborg og er umsóknin á bokmenntir.is.
- **Húsnæðisstyrkir í menningarlífinu:** Ráðið samþykkti nýjar reglur um húsnæðisstyrki til að gæta jafnræðis og voru nýir samningar við njótendur gerðir í kjölfarið. Tjarnarbíó var opnað að nýju í októberbyrjun eftir gagngerar endurbætur og viðbætur. Sviðið gerði samstarfssamning við Menningarfélagið Tjarnarbíó um reksturinn næstu þrjú árin. Markmið hans er að skapa miðstöð fyrir sviðslistir og aðra menningarviðburði þar sem hægt verði að leigja aðstöðu á viðráðanlegu verði. Dansverkstæði var opnað við Skúlagötu 28 í október með styrk ráðsins. Það er fyrsti áfangi að danshúsi. Bíó Paradís, nýtt menningarlegt kvikmyndahús var opnað í október með styrk borgar þar sem Regnboginn var áður.
- **Sérverkefni:** Útræði hófst að nýju frá *Grímsstaðavör og menningarkerkingar* héldu áfram að koma upp svo sem við gamla Breiðholtsbæinn og á Klambtratúni sem fékk aftur sitt gamla nafn í stað Miklatúns. En stærsta átakið var að merkja nokkra tugi af stytum í borginni í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Menningarsjóðurinn *Imagine Peace - Reykjavík Fund* var stofnaður með framlagi borgar og leyfisgjöldum sem Yoko Ono mun afsala sér. Ferðasjóðurinn *Talía* var endurreistur í nýrri mynd með samtökum sviðslista.

- **Menningar** uppeldi var frumkvöðla- og tilraunaverkefni sem tengdi Íþróttá- og tómstundasvið, Menntasvið, Leikskólasvið og Menningar- og ferðamálasvið í samvinnu um listsköpun og menningarlæsi barna og unglinga til að efla barnamenningu í Reykjavík.
- Vinnuhópur um **Menningarfána** var skipaður fulltrúum sviðsins ásamt ÍTR, BÍL, Menntasviðs og Leikskólasviðs. Markmið hans er að hvetja til menningarstarfsemi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum með veitingu menningarfána sem viðurkenningu á framúrskarandi menningarstarfi.

Stofnanir sviðs

Borgarbókasafn Reykjavíkur

- **Næsta bókasafn – Next library** er samstarfsverkefni sjö almenningsbókasafna í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku og á Íslandi um mótun samnorrænnar framtíðarstefnu almenningsbókasafna. Verkefnið sem er til þriggja ára og er styrkt af Norræna menningarsjóðnum (Nordisk Kulturfond) hófst með óvenjulegum vinnufundi, sem skipulagður var af Borgarbókasafni dagana og voru 70 þáttakendur frá öllum Norðurlöndunum. **Næsta Borgarbókasafn** var síðan yfirskrift árlegs málþings safnsins þar sem beitt var hliðstæðum aðferðum er gáfu góða raun við hugmyndavinnu.
- **Vefir og útgáfa:** Bókmenntavefurinn **bokmenntir.is, literature.is** var opnaður í nýju vefumsjónarkerfi eftir tveggja ára flókna vinnu. Gefin var út skýrsla um tveggja ára **fjölmenningarstarf** í safninu frá 2008-2010, sem er aðgengileg á heimasíðu safnsins. Heimasíða **Heilahristings**, heimanámsaðstoðar við börn af erlendum uppruna fór í loftið. Tilraunaverkefni í **hljóðbókaframleiðslu** var hleypt af stokkunum í samstarfi við hlusta.is. Á vef safnsins var bætt við sérstökum **heimasíðum fyrir einstök söfn** um viðburði.
- Gerð var tilraun með **ókeypis lögfræðiaðstoð** í þremur söfnum, aðalsafni, Foldasafni og Gerðubergssafni, í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu borgarinnar og Orator félag laganema. Boðið var upp á **ókeypis skirteini fyrir atvinnulausa** og þá sem njóta félagslegrar aðstoðar í borginni. Jafnframt var **atvinnuátaksverkefni** vegna skráningar á bókasafni Minjasafnsins í Gegni.
- **Foldasafni** var gerbreytt á fyrri hluta árs. Barna- og unglingsdeild færð á neðri hæð safnsins og stækkuð mikið. Þá var **Kames** innréttað í Tón- og mynddeild aðalsafns sem ætlað er fyrir viðburði eins og sýningar á kvikmyndum og vídeóverkum.
- Borgarbókasafn tók að sér að varðveita **minningarhylki sem helgað er fríðarstarfi John Lennon**. Var að gert að ósk Yoko Ono en hylkinu fylgdi gjöf með verkum John Lennon. Útbúin voru 3 hylki og eru hin tvö varðveitt í New York og Manchester. Í tengslum við móttöku hylkisins var sérstök dagskrá haldin í safninu í nóvember. Hylkið verður ekki opnað fyrr en 9. október 2040 þegar 100 ár eru frá fæðingu Lennons.
- Í tilefni 70 ára afmælis **Múminálfanna** var lítil Múminveröld smíðuð og sett upp í sögubúð í barnadeildinni í aðalsafni, múmínbúningar saumaðir og nokkrir Múminviðburðir voru einnig á árinu.
- Borgarbókasafn tekur þátt í samstarfsverkefni stofnana í Asturias á Spáni og í Reykjavík. Verkefnið, **Comenius Regio**, er styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og er ætlað að meta stöðu og framfarir nemenda, sem læra íslensku sem annað tungumál á Íslandi og spænsku á Spáni en einnig hvernig stuðla megi að markvissari móttöku og félagslegri aðlögun þessara nemenda og fjölskyldna þeirra við komu til landanna. Framlag Borgarbókasafns Reykjavíkur er m.a. að útbúa kynningarefni, myndband á fjölda tungumála sem aðgengilegt verður á heimasíðu safnsins.
- Gerðubergssafn hleypti í september af stokkunum **Sunnudagar eru barnadagar** sem notið hafa mikilla vinsælda í aðalsafni.

Höfuðborgarstofa

- Umtalsverð aukning varð á gestakomum í Upplýsingamiðstöð ferðamanna – UMFR í kringum **Fimmvörðuhálgosið** sem dró marga forvitna ferðalanga til landsins, sem svo skyndilega sátu hér fastir þegar Eyjafjallajökull fór af stað.
- Vegna óskufalls frá eldgosinu í Eyjafjallajökli og vandamála í alþjóðlegum flugsamgöngum kom upp alvarleg staða í íslenskri ferðaþjónustu. Til þess að bregðast við þessu fordæmislausu ástandi réðust iðnaðarráðuneytið, Icelandair, Reykjavíkurborg, Iceland Express, Útflutningsráð og Samtök ferðaþjónustunnar í snarpt markaðsátak í maí og júní undir heitinu **Inspired by Iceland** og var það hið stærsta sem efnt hefur verið til á þessu sviði. Áherslur átaksins sneru að Íslandi sem ferðamannastað og öllu því sem það hefur upp á bjóða s.s. menningu, náttúru, mat, afþreyingu og vellíðan.
- Höfuðborgarstofa stóð í fyrsta sinn fyrir **Barnameningarhátíð í Reykjavík**, í samvinnu við Leikskóla-, Mennta- og Íþróttá- og tólmstundasvið. Hátíðin stóð í eina viku og að henni komu meðal annars leik- og grunnskólar, dans-, myndlista- og tónlistarskólar, íþróttafélög, menningarstofnanir og fjölmargir aðrir aðilar. Hátíðin þótti takast einstaklega vel og þátttaka var mikil, bæði barna og fullorðinna.
- Í tilefni af því sem hefði orðið 70 ára afmæli Johns Lennon var ákveðið að standa að veglegri dagskrá í kjölfar tendrunar Friðarsúlunnar, meðal annars var frumsýnd heimildamynd um John og Yoko og tónleikar í Háskólabíói. Búið var til viðburðadagatal á nýrri vefsíðu sem fékk heitið **Imagine Reykjavík**, þar sem viðburðir sem tengdust friðar- og kærleiksboðskap Lennon og Yoko Ono voru gerðir aðgengilegir á einum stað. Höfuðborgarstofa í samstarfi við Inspired by Iceland skipulögðu blaðamannaferð til landsins til að fjalla sérstaklega um IMAGINE PEACE TOWER og tónleika Yoko Ono.
- Stærsta verkefni vefsins árið 2010 var að koma **nýjum vef visitreykjavik.is** í loftið og munu ýmsar nýjungar birtast á nýjum vef. Meðal nýjunga á honum er viðburðaskráningarform sem verður notað við allar hátíðir á vegum sviðsins, gagnvirkt google kort, Reykjavík TV ofl.
- **Ný bókunarvél** var innleidd í samvinnu við Dohop, þar sem Höfuðborgarstofa fær hluta greiddan af hverri bókun af vefnum.
- Auk **Facebook** síðu Höfuðborgarstofu er hún einnig komin á Twitter, Youtube og Flickr.
- Vinna hófst við að þýða kjarnaefni á frönsku og þýsku.
- Viðburðavefir sviðsins voru settir í **Wordpress** vefumsýslukerfið, en gegnum þessa vefi hafa viðburðarhaldarar skráð sjálfir sína viðburði.

Listasafn Reykjavíkur

- **Sýningar, viðburðir og útgáfur:** 8 stórar sýningar (með sjálfsstæðum sýningastjórum) og 20 smærri sýningar voru haldnar. Boðið var uppá 114 list- og fræðsluviðburði um margvísleg málefni. Þrjár bækur og fjöldi minni rita voru gefin út.
- **Átaksverkefni í skráning og ljósmyndun safnkosts:** Átaksverkefni í skráningu og ljósmyndum á 1928 teikningum eftir Ásmund Sveinsson og 252 grafískum verkum, teikningum og klippimyndum Errós. Markmiðið verkefnisins er að veita öllum greiðan vefaðgang að gagnagrunn safnsins og stuðla þannig að nýjum fræðsluaðferðum í skólum og fjarvinnslu fræðimanna.
- **List í almenningsrými:** Tvö ný verk voru sett upp á árinu: ný stytta af Tómasi Guðmundssyni eftir Höllu Gunnarsdóttur var sett upp við Tjörnina og stór höggmynd eftir Jóhann Eyfjörð við Sæbraut.
- **Alternative North:** Haldin var ráðstefna um samtímalist á norðurlöndum þar sem virtir sýningastjórar og gagnrýnendur frá öllum löndunum ræddu um stöðu myndlistarinnar, framtíðina og mögulega samvinnu. Meira en 120 gestir sóttu ráðstefnuna.
- **Myndlistaping:** Í tilefni af 10 ára afmæli Hafnarhúss var þing haldi þar sem safnafólk, listfræðingar, stjórnsmála- og embættismenn ræddu stöðu myndlistar á Íslandi, m.a. söfn, sýningarými, stofnanalegt umhverfi og aðstöðu og hagsmunamál myndlistarmanna
- **Fjáröflun:** Tveir stórir norrænir styrkir fengust fyrir sýningu Gardar Eide Einarssonar og ráðstefnu um

norræna list. Sótt var um tvo styrki frá Evrópusambandinu (Culture Programme) fyrir tveggja ára átaksverkefni í skráningu annars vegar og fyrir sýningu árið 2012 hins vegar en svar hefur ekki borist.

- **Kynning:** Áhersla var á eflingu samfélagsmiðlunar og vefsíðu safnsins. Meira en 6300 eru skráðir á facebook síðu safnsins og um 1500 gestir heimsækja vefsíðu safnsins vikulega.
- **Gestafjöldi:** Metfjöldi gesta heimsóttu safnið (áætlað 230 þús.) og met var einnig slegið í fjölda nema í skipulögðum heimsóknum á safnið (meira en 12 þús.).

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

- **Ljósmyndapema** var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík fyrir tilstuðlan Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Framlag Ljósmyndasafnsins til hátíðarinnar var sýningin **Thomsen & Thomsen**, og fyrirlestur Maríu Karenar Sigurðardóttur safnstjóra: Hvenær er ljósmynd list?
- **Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara** (1862-1937) sem er í vörslu Ljósmyndasafnsins úthlutaði styrk til ljósmyndara í fyrsta sinn. Sjóðurinn er eini sinnar tegundar hér á landi og tilgangur hans er að styrkja ljósmyndun á Íslandi sem listgrein.
- **Þjóðhátíðarsjóður styrkti** framhaldsverkefni Ljósmyndasafns Reykjavíkur um eina milljón; skráning á safni Péturs Thomsens (1910-1988), en Pétur var konunglegur sænskur hirðljósmyndari.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

- 83 viðburðir voru á dagskrá Gerðubergs árið 2010, þar af um 24 sem voru sérstaklega skipulagðir fyrir börn. Meðal nýrra viðburða:
- Sýningar: **Strengir** – Sýning á leikbrúðum, grímum og búningum Messíönu Tómasdóttur, **Ástríðulist** – Samsýning lærðra og leikinna listamanna. **Breiðholt í augnablikinu** - Ljósmyndasýning Friðgeirs Helgasonar sem var framlag Gerðubergs til Listahátíðar í Reykjavík, **Hugarflug** – Málverkasýning Aðalbjargar Þórðardóttur, **Viðbrögð** – Jón Laxdal Halldórsson, **Hávamál** – Sýning á myndskreytingum Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur og **Bráðum koma blessuð jólnin** í safnarahorni.
- **Ormurinn ógnarlangi** var viðamikil sýning úr söguheimi norrænnar goðafræði sem var á dagskrá norrænu listahátíðinnar ting. Í tengslum við þá sýningu og Hávamál hélt Þórarinn Eldjárn námskeið um hina fornu speki og sýningahöfundurinn Kristín Ragna Gunnarsdóttir annað um goðafræðina sem uppsprettu nýrra verka. Að auki var fjölskyldusmiðjan **Hömrum járn og tökum flugið** í umsjón Ilmar Stefánsdóttur.
- **Tónlist:** Í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur voru **jazzsöngsmiðja og jazztónleikar með Kristjönu Stefáns og Báru Grímsdóttir og Chris Foster** voru bæði með Söngstundir í kaffihúsi og Krummi krunkar úti þar sem leikskólabörnum var boðið í heimsókn til að syngja og kveða íslensk alþýðulög.
- Boðið var upp á leiklistarsmiðjuna **Ævintýravagninn** fyrir 8-12 ára börn í samstarfi við Móguleikhúsið.
- Haldið var ritþingið **Stefnumót við Pétur Gunnarsson**, en hann hélt jafnframt námskeið um Þórberg Þórðarson og verk hans - **Þórbergur í endurnýjun lífdaga**.

Minjasafn Reykjavíkur

- Unnið var að **endurbótum á safnhúsum** og má þar m.a. nefna að loftræstikerfi í Árbæ var endurnýjað og gert var við skróðhús og kirkju.
- Sýningar: Í tilefni þess að liðin voru 70 ár frá hernámi Íslands í síðari heimstyrjöldinni voru opnaðar tvær sýningar í samvinnu við nemendur í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ og Kvikmyndasafn Íslands, ljósmyndasýningin **Ísland í síðari heimsstyrjöld** í Fógetastofum og **Blessað stríðið** í Kornhúsinu á Árbæjarsafni. Í Árbæjarsafni var opnuð sýning um **íslenska búninga** sem og sýningin **Fjallkonan í nýjum búningi**. Tvær sýningar á verkum gullsmiðanna Jens Guðjónssonar og Jóhannesar Leifssonar voru haldnar í samstarfi við **Félag íslenskra gullsmiða**.
- Á **Barnamenningarhátíð** var boðið upp á leikbrúðugerð í Árbæjarsafni og leikjadagskrá að Frikirkjuvegi 11. Á **Menningarnótt og Safnanótt** var safnið líka með öfluga dagskrá bæði á

sýningarstöðum sínum í Árbæjarsafni og Landnámssýningu sem og utandyra. Þá var í fyrsta sinn efnt til **Jónsmessuhátíðar** í Árbæjarsafni í samvinnu við Félag eldri borgara.

- **Skráning.** Unnið var við yfirfærslu gagna úr safnskrám í gagnagrunninn Sarp. Safnasjóður veitti styrk til þessa verkefnis.
- **Forvarsla.** Lokið var við forvörslu á málverkum Jóns Helgasonar og gerð úttekt á málverka- og textílgeymslum. Gert var átak til að bæta varðveislunni þjóðbúninga og búið um þá í viðeigandi geymsluumbúðir.
- **Minjavarsla.** Unnið var að verkefnum í tengslum við skipulagsgerð og framkvæmdir. Unnin var húsakönnun í Vogahverfi þar sem rannsókuð voru 250 hús. Einnig var unnin húsakönnun á Vesturvallareit.
- Skráðar voru **fornleifar** vegna breikkunar Suðurlandsveggar og á jörðinni Ártúni á Kjalarnesi. Unnið var að skráningu selja í landi Reykjavíkur með styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna.
- **Menningarmerkingar.** Unnið var áfram að merkingu minja- og sögustaða og skilti sett upp í Grófinni, Breiðholti og á Klambatúni, sem fékk aftur sitt gamla nafn.
- Unnið var að nýju **deiliskipulagi** í Grímsstaðavör og viðhaldi og hreinsun á svæðinu. Samþykkt var að leyfa útræði frá vörinni.
- Safnið tók þátt í tveimur verkefnum á sviði samtímasöfnunar. **Brauð í norðri og Leikir barna.**
- **Kirkjur Íslands.** Unnið var að skráningu kirkjugripa í friðuðum kirkjum í Reykjavíkurprófastsdæmi fyrir ritröðina Kirkjur Íslands.
- **Norræn útisöfn** vinna verkefni um varðveislunni safnhúsa í slíkum söfnum. Lokið var við fyrsta áfanga sem er greining á lagalegu umhverfi safnanna og notkun húsa.
- **Völundarverk.** Safnið tók þátt í átaksverkefninu Völundarverk-Reykjavík. Námskeið um viðhald og endurbætur á eldri húsum fyrir arkitekta og smíði var haldið í Árbæjarsafni.
- Safnið hlaut styrki til tveggja **átaksverkefna**, Sögulegir garðar í Árbæjarsafni og skráningar bókasafns Árbæjarsafns í Gegni.

Viðey

- Í apríl hófu nýir aðilar veitingarekstur í Viðeyjarstofu þegar Elding Hvalaskoðun gerði samning við **Gallery Holt** um veitingasölu og þjónustu í Viðey.
- **Viðhald:** Langþráð lagfæring vegarins í Viðey varð að veruleika í vor og bæði göngustígar og helstu göngubrýr endurnýjaðar. Þá var starfsmannahús og Viðeyjarnaust voru máluð að utan, sem og skemmuhús.
- **Nýmæli í viðburðum:** Viðey varð formlegur þátttakandi í **Kvennahlaupi** ÍSÍ, boðið upp á sérstaka **þjóðhátíðargöngu** með ítarlegri leiðsögnin, **Frumbyggjadag** í samstarfi við Skátafélagið Landnema og **útitónleika á Jónsmessu** með Kristjönu Stefánsdóttur og Svavari Knúti. Keppt var um sterkasta mann Viðeyjar, **Viðeyjarjarlinn**, en þar keppti vaskur hópur sveina um vegleg verðlaun.
- Í tilefni af því að í ár hefði **John Lennon** orðið sjötugur var boðið upp á tónlistar- og skemmtidagskrá honum til heiðurs í Viðeyjarstofu í nokkur skipti og farnar **Friðarsúlusiglingar** með leiðsögn.
- Nýjar **menningarmerkingar** voru settar upp sem leysa af hólmi eldri upplýsingaskilti.

Reykjavík 
PURE ENERGY